

Ársskýrsla

RÍKISSKATTSTJÓRA



2005



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hlutverk og verkefni	6
Skipulag embættisins	8
Greinargerð um starfsemi ársins 2005	12
1 Rétt skattlagning með réttum hætti	13
Samræmd lagaframkvæmd	13
Markviss og örugg skráning	14
Markviss og örugg framkvæmd álagningar	15
2 Góð þjónusta	17
Reglur vel kynntar og aðgengilegar	17
Auðveld samskipti - rafræn stjórnsýsla	18
Skilvirk afgreiðsla erinda	20
Fagleg þjónusta - persónulegt viðmót	21
3 Skattkerfið njóti virðingar	21
Samræmd og opinber þjónustustefna	21
Traustvekjandi og sanngjörn skattframkvæmd	22
Upplýst umræða um skattamál	22
Viðhorfs- og þjónustukannanir	22
Alþjóðlegt samstarf	22
4 Öflugt og markvisst skattefirlit	24
Mótun skattefirlits	24
Heildstæð upplýsingaöflun	25
Samræmt skattefirlit	25
Sértækt skattefirlit	26
5 Hagkvæmni og öryggi í allri starfsemi	27
Hagkvæmur rekstur og traust áætlanagerð	27
Hagkvæmur og öruggur rekstur tölvukerfa	27
Skilvirk og örugg miðlun, vinnsla og varsla upplýsinga	28
Endurskoðun verklags og réttarreglna	30
Mælingar nýttar til eftirfylgni og úrbóta	30
6 Hæft starfsfólk með staðgóða þekkingu	32
Starfsmannastefna	32
Fræðslustefna	33
Rekstur og starfsmannamál	34
Fylgiskjöl	35
Skipurit ríkisskattstjóra	40

Inngangur

Ársskýrsla embættis ríkisskattstjóra fyrir árið 2005 er með öðru sniði en verið hefur á síðustu árum. Ástæðan er sú að embættið gerði í maí 2004 árangursstjórnunarsamning við fjármálaráðuneytið og í samræmi við hann var útfærð stefnumörkun til næstu 5 ára og starfsáætlun fyrir árið 2005. Voru þær áætlanir settar fram í Stefnuriti ríkisskattstjóra 2005 - 2009. Í samningnum er gert ráð fyrir að í ársskýrslunni sé gerð grein fyrir starfsemiinni með tilliti til árangurstjórnunarsamningsins og starfsáætlunar og hefur formi ársskýrslunnar verið breytt með hliðsjón af því.

Skipuleg vinna við stefnumótun hófst haustið 2003 með greiningu á hlutverki og verkefnum embættisins. Sú endurskoðun og þær áherslur sem settar eru í stefnuritinu voru helstu forsendur fyrir breyttu skipulagi embættisins, sem tekið var upp á miðju ári 2004 og endurbætt lítillega í ársbyrjun 2006. Þykir því rétt að gera í þessari ársskýrslu nokkra grein fyrir verkefnum og skipulagi á eftir inngangi skýrslunnar.

Árið 2005 var á ýmsan hátt ár tímamóta í starfsemi embættisins. Á undangengnum árum hafa þau markmið náðst að gera rafræn samskipti við framteljendur og aðra viðskiptavini embættisins að meginreglu. Slíkar samskiptaleiðir hafa nú verið opnaðar á nær öllum sviðum og sums staðar með þeim árangri að yfir 90% samskiptanna eru rafræn eins og í skattframtölum einstaklinga og lögaðila. Hefur hvergi á byggðu bóli náðst sambærilegur árangur. Á öðrum sviðum svo sem við skil á upplýsingum til skattfyrivalda hefur einnig tekist vel til og er stöðug aukning á rafrænum skilum. Í framhaldi af þessum góða árangri hefur áherslan færst yfir á margháttða þjónustu við viðskiptavini skattsins. Er sú þjónusta bæði á sviði skattamála með aðgangi að rafrænum gögnum skattfyrivalda sem og miðlun á aðgangi manna að öðrum opinberum gagnaböndum. Hafa aðgangskerfi embættisins og sú tækni sem það hefur þróað verið notuð til að setja upp vísi að almennri opinberri upplýsingagátt, sem enn er á þróunarstigi hjá stjórnvöldum.

Viss þáttaskil hafa orðið með árangursstjórnunarsamningi embættisins og fjármálaráðuneytisins. Í þeim samningi koma fram þau áherslusvið sem aðilar eru sammála um að sinnt verði sérstaklega á næstu árum og var nokkuð auknu fjármagni varið úr ríkissjóði í því skyni. Er þar efst á blaði efling skatteftirlits. Voru á árinu 2005 tekin markverð



skref á þeim vettvangi. Annars vegar var almennt skatteftirlit á landsbyggðinni, sem verið hafði hjá RSK, flutt á tvær skattstofur utan höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar var hafin uppbygging á öflugum skatteftirliti hjá RSK sem beinist að greiningu á eftirlitstílefn-um og eftirliti með stórum fyrirtækjum á grundvelli bókhalds þeirra o.fl. svo og flóknum eignatengslum og fjölpjódlegum tengslum og viðskiptum. Hefur sú starfsemi farið vel af stað og skilað miklum árangri.

Á árinu var embættinu falið að hafa eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningskilastaðla sem lögboðnir hafa verið fyrir fyrirtæki sem skráð eru í kauphöll og öðrum fyrirtækjum er heimilt að nota að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þá var olúgjald tekið upp á árinu og dregið úr álagningu þungaskatts en álagning beggja gjalda er á hendi embættisins.

Hlutverk og verkefni

Embætti ríkisskattstjóra er miðlægt stjórnvald sem starfar samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra, sem sett eru lögum samkvæmt. Meginhlutverk þess er yfirstjórn skattastjórnsýslu, þ.e. að móta og stýra skattfrankvæmd og hafa eftirlit með störfum skattstjóra, sjá um tæknilega skattfrankvæmd og fara með yfirstjórn skatteftirlits. Embættinu eru jafnframt falin ýmis önnur verkefni. Hlutverk þess má flokka nánar sem hér segir:

Lagatúlkun og samræming

Ríkisskattstjóri fer með túlkun réttarheimilda á sviði skattaréttar og setningu framkvæmda- og starfsreglna. Hann hefur eftirlit með störfum skattstjóra og gerir ráðstafanir til þess að samræmi sé í ákvörðunum þeirra. Hann kemur fram fyrir hönd ríkissjóðs og annarra gjaldkrefjenda gagnvart yfirskattanefnd og veitir umsagnir í dómsmálum sem snúast um skattlagningu. Ríkisskattstjóri gefur bindandi álit í skattamálum um túlkun skattalaga skv. landsrétti og svarar fyrirspurnum almennings um túlkun skattalaga. Hann sér um að gildandi reglur og réttarheimildir í skattarétti á hverjum tíma séu aðgengilegar almenningsi og starfsmönnum skattkerfisins. Hann annast beiðnir um endurupptöku skattamála og sér um endurákvörðun skatta í málum sem til hans er beint. Ríkisskattstjóri kemur fram fyrir hönd íslenskra skattfyrvalda sem bætt stjórnvald um framkvæmd tvísköttunarsamninga gagnvart öðrum samningsaðilum og annast samskipti við erlend stjórnvöld hvað skattastjórnsýslu varðar.

Skattfrankvæmd og þjónusta

Ríkisskattstjóri hefur með höndum umsjón skattfrankvæmdar og annast alla þá starfsemi sem nauðsynleg er í þeim tilgangi. Hér undir fellur að annast undirbúning og hafa umsjón með álagningu skatta, endurskoða vinnubrögð og hafa frumkvæði að bættu vinnulagi og þjónustu við viðskiptavini skattkerfisins. Hann hefur yfirumsjón með staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds. Ríkisskattstjóri ber ábyrgð á uppbyggingu, rekstri, viðhaldi og tæknilegri framþróun upplýsingakerfa skattsins og sér um öflun og varðveislu upplýsinga, sem notaðar eru við álagningu skatta, og miðlun þeirra til skattstjóra og framteljenda. Þá annast ríkisskattstjóri ýmsar sameiginlegar þarfir skattkerfisins, s.s. rekstur og viðhald vélbúnaðar, sameiginlegt skrifstofukerfi, prentun og dreifingu gagna til viðskiptavina skattsins o.fl. Ríkisskattstjóri leggur á olíugjald, kílómetragjald, bifreiðagjald, úrvinnslugjald á ökutæki og áfengisgjald og hefur með höndum eftirlit með starfsemi áfengisframleiðenda.



Skatteftirlit

Starfsemi ríkisskattstjóra tekur til yfirstjórnar skatteftirlits, samræmingar þess og eftirlits með störfum skattstjóra á því sviði. Hann gerir áætlanir um skatteftirlit, sér um áhættugreiningu og ákveður áherslur í skatteftirliti. Ríkisskattstjóri sér um öflun eftirlitsupplýsinga, úrvinnslu og varðveislu þeirra og miðlun til skattstjóra og annast greiningu á eftirlitsþörf og fer með skatteftirlit í einstökum málum að eigin vali eða að óskum skattstjóra. Ríkisskattstjóri hefur frumkvæði að þróun eftirlitsaðferða og mótun eftirlitsstefnu skattkerfisins á hverjum tíma. Hann annast móttöku og miðlun eftirlitsupplýsinga milli landa. Hann fylgist með framkvæmd og árangri af skatteftirliti og gerir árlega um það skýrslu til fjármálaráðherra.

Fyrirtækjaskrá, ársreikningar o.fl.

Ríkisskattstjóri sér um starfrækslu fyrirtækjaskrár, þ. á m. hlutafélagaskrár, annast skráningu atvinnustarfsemi og ýmis konar félagastarfsemi og veitir upplýsingar úr þeim skráum. Hann sér einnig um starfrækslu ársreikningaskrár, söfnun ársreikninga og miðlun þeirra til almennings svo og eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningskilastaðla. Þá hefur hann með höndum eftirlit með því að iðgjöld séu greidd skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og annast eftirlit með greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Fræðsla, upplýsingamiðlun og ráðgjöf

Ríkisskattstjóri hefur með höndum kennslu um skatta og skattframkvæmd fyrir starfsmenn skattkerfisins og almenna fræðslu og leiðbeiningar um skattamál fyrir almenning. Hann skal kynna starfsemi skattkerfisins fyrir almenningi og efla virðingu fyrir skattframkvæmd. Hann safnar upplýsingum um starfsemi embættisins og skattkerfisins í heild og álagningu skatta og gjalda og hefur þær aðgengilegar fyrir stjórnvöld og aðra sem eftir þeim leita.



Skipulag embættisins

Skipulag embættisins er hér sett fram að teknu tilliti til lítills háttar breytinga sem tóku gildi 15. mars 2006. Þá var ársreikningaskrá formlega gerð að sjálfstæðri einingu, verkefni við framkvæmd staðgreiðslu og virðisaukaskatts færðust frá álagningardeild til (bifreiða)-gjaldadeildar þjónustusviðs um leið og lagamál vegna bifreiðagjalda færðust til réttarsviðs. Einnig fengu alþjóðamál og verkefni við lögfræðilega ráðgjöf til skattstofa sjálfstæðari sess.

Yfirstjórn



Ríkisskattstjóri (Indriði H. Þorláksson) fer með öll mál embættisins og yfirstjórn þess. Vararíkisskattstjóri (Ingvar J. Rögnvaldsson) er staðgengill ríkisskattstjóra.

Forstöðumenn stýra einstökum sviðum stofnunarinnar og skrifstofustjóri stýrir rekstrarskrifstofu. Sviðum er skipt í deildir og stýra þeim deildarstjórar, sem eru ábyrgir fyrir verkefnum deildar gagnvart forstöðumanni og ríkisskattstjóra. Verkefnum hveftrar deildar er eftir atvikum skipað í verkefnaflokka, sem lúta stjórn verkefnisstjóra, sem ábyrgir eru gagnvart deildarstjóra og forstöðumanni. Verkefnisstjórar yfir sérverkefnum og ráðgjafar eru ábyrgir gagnvart forstöðumanni og ríkisskattstjóra. Forstöðumenn og skrifstofustjóri eru ábyrgir gagnvart ríkisskattstjóra á öllum verkefnum og störfum á viðkomandi sviði. Starfsmannastjóri, fræðslustjóri og öryggisstjóri bera sömuleiðis milliliðalausa ábyrgð gagnvart honum.

Réttarsvið

forstöðumaður Sigurjón Högnason



Undir sviðið falla málefni er lúta að túlkun, kynningu og beitingu réttarreglna skattaréttar og stjórn-sýsluréttar, bæði efnisreglna og málsmeðferðarreglna. Viðfangs-efni réttarsviðs eru réttarreglur varðandi alla skatta og gjöld, sem skattyfirvöldum er ætlað að annast framkvæmd á. Réttarsviðið skiptist í tvær deildir, lögfræðideild og úrskurðadeild. Sérstakur verkefnisstjóri hefur umsjón með alþjóðamálum. Þá er lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingamiðlun sameiginleg fyrir allt sviðið.

Lögfræðideild (deildarstjóri 2005 Guðrún Þorleifsdóttir, nú Bjarni Amby Lárusson) fer með túlkun réttarreglna, gerð leiðbeininga og önnur almenn lögfræðileg mál. Hún undirbýr gerð almennra skattmatsreglna og sér um gerð bindandi álita, kröfugerðir fyrir yfirskaðanefnd og umsagnir um dómsmál. Lögfræðideild svarar fyrirspurnum um túlkun skattalaga og reglna sem settar eru samkvæmt þeim og sér um samskipti og ráðgjöf við skattstofur í þeim efnum. Lögfræðideild fjallar um mál sem varða aðgang að upplýsingum í fórum skattyfirvalda.

Úrskurðadeild (deildarstjóri Guðrún J. Jónsdóttir) fer með mál sem snúa að ákvörðun skattalegra skyldna og réttinda tiltekinna aðila. Hún annast afgreiðslu skatterinda og tekur ákvarðanir um framsendingu þeirra, úrskurðar stjórnsýslukæpur, þ.m.t. um ívilnanir skv. 65. gr. I. nr. 90/2003 og endurákvæðar í málum frá Skattrannsóknarstjóra ríkisins og í eftirlitsmálum RSK.

Verkefnisstjóri alþjóðamála (Guðrún Á. Sigurðardóttir) fer með mál sem varða skattskyldu erlendra aðila (3. gr. I. nr. 90/2003) og ívilnanir skv. tvísköttunarsamningum og hefur umsjón með verkefnum deildanna á þeim vettvangi. Hann er jafnframt til ráðgjafar fyrir aðrar deildir stofnunarinnar og samræmir verkefni þeirra á þessu sviði. Hann sér um Nordisk eTax hvað varðar lögfræðilega þjónustu og upplýsingagjöf og annast samskipti við skattyfirvöld á Norðurlöndum að því leyti.

Yfirlögfræðingur réttarsviðs (Steinþór Haraldsson) hefur með höndum lögfræðilega ráðgjöf gagnvart skattstofum og sér um upplýsingamiðlun til almennings, endurskoðenda og bókara í málefnum þeirra og skjólstæðinga þeirra.



Þjónustusvið

forstöðumaður Jón H. Steingrímsson



Undir sviðið falla málefni, sem snerta álagningu skatta og gjalda og þá þjónustu sem embættið veitir, önnur en lagaleg málefni, framtöl og álagningu gjalda, upplýsingatækni svo og umsjón með stefnumótunar-, stjórnunar- og skipulagsvinnu embættisins. Þjónustusviðið skiptist í fjórar deildir; álagningardeild, gjalda-deild, upplýsingatæknideild og vélbúnaðardeild.

Álagningardeild (deildarstjóri Jón Á. Tryggvason) fer með mál er varða álagningu beinna skatta. Þar undir fellur allur undirbúningur, ákvörðun álagningarferils og skilafresta, forskráning álagningarupplýsinga, gerð eyðublaða og dreifing þeirra, gerð skattgrunnskráa, regluþrófanir vegna álagningar, þjónusta við skattstofur vegna álagningarvinnu og skil til Fjársýslu ríkisins og tilkynningar til gjaldenda. Ennfremur sér deildin um alla aðra framkvæmd sem tengist beinum sköttum, svo sem álagningu á aðila með takmarkaða skattskyldu og um staðgreiðslu og álagningu skatts á fjármagnstekjur.

Gjaldadeild (deildarstjóri til september 2005 Ása Ögmundsdóttir, september-desember 2005 Ingibjörg Helga Helgadóttir, nú Jóhannes Jónsson) fer með mál er varða álagningu virðisaukaskatts og vörugjalda, áfengisgjalds, bifreiðagjalds, olúgjalds, þungaskatts og úrvinnslugjalds á bifreiðar. Þar undir fellur allur undirbúningur, gerð eyðublaða, dreifing þeirra, regluþrófanir vegna álagningar, þjónusta við skattstofur vegna þessara gjalda og samskipti við Vegagerð ríkisins. Ennfremur sér deildin með sama hætti um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þá fellur hér undir gerð og viðhald launagreiðendaskrár og virðisaukaskattsskrár og annað það sem snertir álagningu gjalda og staðgreiðsluskil.

Upplýsingatæknideild (deildarstjóri Bragi L. Hauks-son) fer með hugbúnaðarmál vegna skattframkvæmdar, rekstur hugbúnaðarkerfa skattkerfisins, viðhald þeirra, endurnýjun og nýsköpun, þróun rafrænnar þjónustu og umsjón rafrænnar upplýsingamiðlunar og vefþjónustu, þ.m.t. upplýsingavefja RSK. Hún sér um þarfagreiningu, gerð kostnaðaráætlana, úttekt og prófanir tölvukerfa. Hún annast samninga vegna þessara verkefna, hýsingar á tölvukerfum o.fl. og gerir starfsáætlanir vegna þeirra innan þess fjárhagsramma sem yfirstjórn setur. Deildin sér um gerð og rekstur kerfa fyrir rafræn skattskil og aðra rafræna þjónustu. Hún vinnur að mótun stefnu í upplýsingatækni fyrir skattframkvæmd og er leiðandi á sviði rafrænnar þjónustu. Hún sér um samskipti við erlenda samstarfsaðila í upplýsingatækni og annast tæknilega uppbyggingu og rekstur Nordisk eTax.

Vélbúnaðardeild (deildarstjóri Brigitte M. Jónsson) fer með vélbúnaðarmál, rekstur á tölvum RSK og staðalhugbúnaði sem á þeim er keyrður, staðarnet RSK og víðnet skattkerfisins, skrifstofukerfi og notendapjónustu. Hún semur áætlanir og undirbýr samninga um kaup á vélbúnaði og sér um framkvæmd þeirra.

Eftirlitssvið

forstöðumaður Jón G. Þormar



Undir sviðið falla málefni sem snerta skatteftirlit, stefnumótun þess, samræmingu og framkvæmd, öflun fjárhagsupplýsinga og annarra upplýsinga til nota við álagningu og skatteftirlit, úrvinnsla og miðlun þeirra og sértækt eftirlit. Eftirlitssviðið skiptist í 3 deildir, gagnaöflunardeild, áætlanadeild og eftirlitsdeild.

Gagnaöflunardeild (deildarstjóri Jóhannes H. Karlsson) sér um öflun fjárhagsupplýsinga skv. 92. gr. I. nr. 90/2003 svo og annarra álagningar- og eftirlitsupplýsinga skv. skattalögum til notkunar við skattframkvæmd. Deildin sér um vistun eftirlitsupplýsinga og miðlun þeirra vegna skatteftirlits til skattstjóra. Hún fer með mál er varða upplýsingaskipti við erlend skattyfirvöld á grundvelli tvísköttunarsamninga og annarra milliríkjasamninga, þ.m.t. móttöku og miðlun reglulegra og tilfallandi eftirlitsupplýsinga. Hún sér um eftirlit með greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóði, eftirlit með framkvæmd greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og úrvinnslu búnaðargjalds.

Áætlunardeild (deildarstjóri Guðni Björnsson) sér um stefnumótun og samræmingu á skatteftirliti skattstjóra á landinu öllu. Hún annast gerð árlegra eftirlitsáætlana og vinnur áhættugreiningu vegna þeirra og skatteftirlits almennt. Hún semur leiðbeiningar og verklagsreglur fyrir skatteftirlit. Deildin sér um eftirfylgni með skatteftirliti, m.a. með skipulagningu á skráningu umfangs og árangurs af skatteftirliti. Hún aðstoðar skattstjóra við úrlausn einstakra mála eftir óskum þeirra eða tekur mál frá þeim til eftirlits. Deildin afgreiðir erindi skattstjóra um flutning á framtals- og álagningarstað.

Eftirlitsdeild (deildarstjóri Aðalsteinn Hákonarson) fer með skatteftirlit í sérstökum málum sem embættið tekur upp. Hún gerir úttekt á skattskilum á tilteknum sviðum, svo sem eignatengslum og fjármagnsflutningum milli landa, starfsemi fyrirtækja sem dreifist á mörg skattumdæmi og viðskiptum við tengda aðila á af-landssvæðum. Jafnframt annast hún athuganir á flókn-um fjármögnunarleiðum, misnotkun tvísköttunarsamninga, skattasniðgöngu og ráðgjöf og þjónustu á þeim vettvangi. Hún sér um eftirlit í málum sem skattstjórar vísa til embættisins.

Fyrirtækjaskrá

forstöðumaður Skúli Jónsson



Hér undir falla málefni fyrirtækjaskrár, hlutafélagaskráning og önnur mál sem snerta skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um atvinnustarfsemi til viðskiptalífsins og almennings. Fyrirtækjaskrá sér um hlutafélagaskrá og aðrar hliðstæðar skrár, skráningar annarra félaga, einstaklinga með rekstur og annarra skráningarskyldra aðila svo og þeirra sem skráðir eru skv. ákvörðun ríkisskattstjóra. Fyrirtækjaskrá sér um varðveislu ársreikninga fyrir ársreikningaskrá, þjónustu vegna hennar og aðgengi að henni. Fyrirtækjaskrá greinist í lögfræðideild og skráningardeild.

Lögfræðideild (Benedikt Þórðarson, Svala Hilmarsdóttir) fer með lagaleg mál sem lúta að skráningu og afskráningu félaga, einkum hlutafélaga og einkahlutafélaga, yfirferð innsendra tilkynninga fyrir skráningu og semur úrskurði og álit í deilumálum sem upp kunna að koma. Auk þess veitir deildin lögfræðilega aðstoð og leiðbeiningar til viðskiptavina varðandi mál sem snerta fyrirtækjaskrá.

Skráningardeild (deildarstjóri Sigríður L. Lúðvíksdóttir) sér um skráningu atvinnustarfsemi félaga, stofnana og samtaka, skráningu ársreikninga, upplýsinga og vottorðagjöf og aðra almenna þjónustu. Ennfremur sér deildin um skönnun gagna sem fyrirtækjaskrá berast.

Ársreikningaskrá

forstöðumaður Guðmundur Guðbjarnason



Ársreikningaskrá fer með málefni sem varða ársreikninga, bókhald og reikningskil samkvæmt lögum um bókhald og ársreikninga. Hún hefur umsjón með skilum á ársreikningum og eftirlit með því að ársreikningar séu í samræmi við lög og reglugerðir, veitir heimildir til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli og hefur eftirlit með notkun á alþjóðlegum reikningskilastöðlum.



Rekstrarskrifstofa

skrifstofustjóri Ásgeir Heimir Guðmundsson



Rekstrarskrifstofa fer með rekstur og fjármál embættisins, bókhald og greiðslur og hefur eftirlit með að útgjaldaákvæðanir séu í samræmi við fjárheimildir. Hún fer

með sameiginlega þjónustu fyrir embættið, afgreiðslu, símamál, móttöku og skjalamál. Hún sér um gerð samninga við aðila sem fá aðgang að skrá m eða öðrum gögnum í vörslu embættisins, gjaldtöku fyrir upplýsingavinnslur o.fl. og sér um bókhald og innheimtu því tengt. Rekstrarskrifstofa skiptist í þjónustudeild og önnur verkefni, sem heyra beint undir skrifstofustjóra.

Þjónustudeild (deildarstjóri Bryndís M. Steinsson) sér um afgreiðslu embættisins, símsstöð, skjalaskráningu, skjalavistun og bókasafn. Undir deildina fellur gerð öryggisáætlana um skjalavistun í samvinnu við öryggisstjóra.

Önnur verkefni skrifstofunnar eru rekstur embættisins, fjármál, bókhald og áætlanagerð, innkaup, staðtölugerð, innra eftirlit og árangursmælingar. Hluti af síðasttalda verkefninu er öflun upplýsinga í samvinnu við eftirlitssvið um árangur af skatteftirliti og gerð árlegrar skýrslu um það.

Starfsmannastjóri

2005 Ari Ísberg nú Inga Hanna Guðmundsdóttir



Starfsmannastjóri annast starfsmannamál. Hann vinnur að mótun og viðhaldi starfsmannastefnu, m.a. í jafnréttismálum, og framfylgir henni. Hann sér um gerð

starfsmannahandbókar og mótunar endurmenntunarstefnu fyrir embættið í samvinnu við fræðslustjóra. Starfsmannastjóri sér um gerð og framkvæmd reglna um þátttöku starfsmanna í námskeiðum og annarri endurmenntun utan stofnunarinnar. Hann annast launamál starfsmanna, gerð launaáætlunar svo og starfauglýsingar og ráðningar.

Fræðslustjóri

Hrefna Einarsdóttir



Fræðslustjóri sér um fræðslumál fyrir skattkerfið, fræðslu fyrir starfsmenn þess og hagnýta fræðslu um skattamál fyrir viðskiptavinum þess og mótunar fræðslustefnu fyrir embættið. Fræðslustjóri semur áætlun um

námskeið sem embættið heldur og aðra endurmenntun og sér um að framkvæmd hennar sé innan þess fjárhagsramma sem settur er árlaga.

Öryggisstjóri

2005 Guðni Ólafsson, nú Ari Ísberg



Undir öryggisstjóra falla öryggismál embættisins og skattkerfisins og mál er varða vörslu rafrænna gagna, meðferð á öðrum gögnum, aðgang að húsnæði og

öryggisreglur í samskiptum við öryggisþjónustuaðila, hugbúnaðarverktaka, hýsingaraðila o.fl. Öryggisstjóri fer með mál er varða varanlega varðveislu rafrænna gagna í skattkerfinu. Öryggisstjóri fylgist með þróun í tækni sem snýr að öryggi í meðferð og vörslu rafrænna gagna og öryggismála almennt og er ráðgjafi ríkisskattstjóra í þeim málum.

Greinargerð um starfsemi ársins 2005

Við stefnumótunarvinnu sem fram fór hjá embættinu á árunum 2003 og 2004 var ákveðið að embættið hefði eftirfarandi sex höfuðmarkmið að leiðarljósi í starfsemi sinni:

- 1. Rétt skattlagning með réttum hætti**
- 2. Góð þjónusta**
- 3. Skattkerfið njóti virðingar**
- 4. Öflugt og markvisst skatteftirlit**
- 5. Hagkvæmni og öryggi í allri starfsemi**
- 6. Hæft starfsfólk með staðgóða þekkingu**

Markmið þessi, undirmarkmið og leiðir að markmiðunum eru sett fram í Stefnumótt RSK 2005-2009. Stefnumóttin er byggð á vinnuskjali sem unnið var að af öllum sviðum embættisins þar sem tíunduð eru enn frekar öll helstu verkefni og áherslumál sem ástæða þykir til að vinna að á næstu árum. Síðast var unnið að endurskoðun þess á stefnumótunardegi embættisins sem haldinn var að Eldborg við Svartsengi, þann 18. nóvember 2005. Stefnumóttin er jafnframt það skjal sem afhent var fjármálaráðuneytinu til að uppfylla ákvæði árangursstjórnunarsamnings embættisins við ráðuneytið. Annar þáttur í því er þessi ársskýrsla og sér í lagi sú greinargerð um starfsemina sem hér fer á eftir. Í henni eru markmiðin sem fram koma í stefnumóttinu tíunduð og sagt frá því hvernig unnið hefur verið að þeim og tilgreindir árangursmælikvarðar þar sem það á við.



1. Rétt skattlagning með réttum hætti

Forsendur þess að unnt sé að ná þessu markmiði eru að lagaframkvæmd sé samræmd og skráning og álagning fari fram með markvissum og öruggum hætti.

Samræmd lagaframkvæmd

Skattyfirvöld þurfa að kunna skil á þeim efnisreglum (birtum sem óbirtum) sem beita skal við skattákvæðanir og að þau hafi öll sama skilning á reglum og framkvæmd þeirra. Þá verða þau að tileinka sér reglur um málsmeðferð og túlkun þeirra, og sannreyna að þær upplýsingar um málsatvik, sem skattákvæðanir grundvallast á, séu réttar.

Ríkisskattstjóri samræmir skattframkvæmd milli skattumdæma. Helsta samskiptatæki embættisins og skattstofa er innri upplýsingavefur sem ríkisskattstjóri rekur. Allir starfsmenn skattyfirvalda hafa aðgang að honum. Með tilkynningum á innri vefnum gerir ríkisskattstjóri grein fyrir nýjum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða skattframkvæmd. Markmiðið er að tilkynningarnar séu birtar að jafnaði innan þriggja vinnudaga frá útkomu þess tölublaðs Stjórnartíðinda sem birta lögin eða fyrirmælin og hefur það gengið eftir. Jafnframt hefur skattstjórum verið gerð grein fyrir framvindu frumvarpa á sviði skattaréttar, framkomnum á Alþingi, í tölvupósti.

Á innri vefnum, svo og á hinum ytri vef RSK, er að finna safn laga og stjórnvaldsfyrirmæla á sviði skattaréttar. Markmiðið er að safnið sýni gildandi rétt hverju sinni og því er safnið uppfært innan þriggja vinnudaga frá birtingu nýrra reglna, þó ekki fyrr en við gildistöku. Jafnframt hafa lögin um tekjuskatt (og eignarskatt) verið birt eins og þau voru við álagningu opinberra gjalda ár hvert frá árinu 2001.

Eftir því sem ný lög eða stjórnvaldsfyrirmæli gefa tilefni til hefur ríkisskattstjóri sett fram túlkun sína á þeim innan eins mánaðar frá gildistöku, í samræmi við sett markmið. Hann reifar einnig valda dóma og úrskurði yfirséðanefndar með það að markmiði að draga fram þau atriði sem stefnumarkandi eru og að hvaða leyti þau breyta eða víkja til hliðar ríkjandi skattframkvæmd eða fyrri túlkunum ef því er að skipta. Reifanir hafa að jafnaði verið gerðar innan eins mánaðar frá uppkvaðningu dóms eða úrskurðar og skattstjórum tilkynnt um þær í tölvupósti ásamt birtingu á innri



vefnum. Samhliða hafa verið birtir í heild, nafnhreinsaðir, þeir úrskurðir yfirséðanefndar sem reifaðir eru.

Allt frá upptöku virðisaukaskatts hefur ríkisskattstjóri staðið fyrir dags fundum um framkvæmd þess skatts á u.þ.b. 6 mánaða fresti. Fundina sitja starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra, auk fulltrúa fjármálaráðuneytis og annarra skattyfirvalda eftir því sem umfjöllunarefni hafa gefið tilefni til. Umfjöllunarefni ráðast af því hvað hæst ber hverju sinni. Á árinu 2005 voru slíkir fundir haldnir í maí og nóvember. Þá var á árinu 2005 tekin upp sú nýbreytni að halda samsvarandi fundi um tekjuskatt og önnur opinber gjöld. Voru þeir fundir haldnir í apríl og nóvember. Meðal þess sem fjallað var um voru athugasemdir í úrskurðum yfirséðanefndar varðandi málsmeðferð skattstjóra.

Á fræðslunámskeiðum fyrir starfsmenn skattstjóra og ríkisskattstjóra eru jafnan teknir fyrir afmarkaðir þættir efnisreglna eða skattframkvæmdar. Þannig var t.d. í beinum tengslum við samráðsfund um virðisauka-

skattsframkvæmd í maí 2005 haldið eins dags námskeið um samtímaeftirlit með virðisaukaskatti. Um fræðsluna er nánar fjallað í kafla 6 síðar í skýrslu þessari.

Á árinu 2005 var hafist handa við endurskoðun handbókar um virðisaukaskatt og undirbúningur hafinn að gerð handbókar um tekjuskatt, m.a. með fyrirhugaða birtingu á innri vef í huga.

Starfsmenn ríkisskattstjóra svara í síma, tölvupósti og bréflaga, eftir því sem við á, fyrirspurnum frá starfsmönnum skattstofa. Svör í tölvupósti hafa jafnan verið veitt innan viku og svarbréf jafnan send innan eins mánaðar.

Öll svarbréf ríkisskattstjóra við fyrirspurnum varðandi túlkun réttarreglna voru eins og þrjú undanfarin ár birt á innri vefnum.

Markviss og örugg skráning

Áreiðanlegar skrár eru forsenda fyrir allri starfsemi skattkerfisins og góðrar þjónustu við atvinnulíf og almenning.

Hér verður sagt frá helstu grunnskram sem embættið ber ábyrgð á.

Grunnskrá einstaklinga. Skattgrunnskrá hvers árs er byggð á þjóðskrá og tekur mið af heimilisfesti hér á landi 1. desember á tekjuári sem og breytingum á heimilisfesti, hjúskaparstöðu o.fl. til ársloka. Á liðnum árum hefur farið fram endurskoðun á gerð grunnskrár sem miðar að því að hún sýni betur stöðu gjaldenda í árslok tekjuárs. Einnig hefur verið unnið að því að bæta skráningu þeirra sem ekki eru heimilisfastir hér á landi 1. desember á tekjuári, en hafa aflað tekna hér á landi á árinu. Þeirri vinnu er ekki lokið og eru frekari breytingar á uppfærslu grunnskrár fyrirhugaðar á næstu árum.

Embættið lagði til við fjármálaráðuneytið að skattlagningarstaður yrði framvegis miðaður við búsetu 31. desember í stað 1. desember með það í huga að einfalda vinnu við gerð grunnskrárinnar ár hvert. Frumvarp þess efnis var lagt fyrir haustþingið og tekur breytingin gildi við álagningu 2007.

Grunnskrá lögaðila. Grunnskrá lögaðila er stofnuð í nóvember á tekjuári og breytingar gerðar á henni þar til

álagning ársins liggur fyrir. Skattstjórar sjá um viðhald grunnskrár lögaðila að fengnum gögnum frá ríkisskattstjóra og byggist það fyrst og fremst á samanburði við fyrirtækjaskrá RSK en einnig er tekið tillit til annarra atriða svo sem launagreiðendaskrár, virðisaukaskattsskrár o.fl. Í lok ársins var hafin vinna við framtíðaruppbyggingu grunnskrár lögaðila og er stefnt að því að henni ljúki í nóvember 2006.

Fyrirtækjaskrá, virðisaukaskattsskrá og launagreiðendaskrá. Í ársbyrjun var tekið í notkun nýtt tölvukerfi til skráningar í fyrirtækjaskrá sem hlaut nafnið Félagi. Kom það í stað tveggja eldri kerfa og leiddi til einföldunar og meira öryggis við skráningu. Lögð voru drög að sérstöku átaki við afskráningu félaga sem ekki hafa haft starfsemi um langan tíma en eru enn skráð í hlutafélagaskrá. Átak þetta hófst í byrjun árs 2006. Skönnun á gögnum til fyrirtækjaskrár var aukin á árinu. Opnað var fyrir rafrænan aðgang að skönnuðum gögnum í fyrirtækjaskrá í gegnum uppflettiaðgang miðlara.

Unnið var á árinu í starfshópi að undirbúningi að raf-rænni skráningu nýrra aðila í Félagi. Miðar sú vinna að því að unnt verði og skylt að ganga samtímis frá skráningu á fyrirtækjaskrá, launagreiðendaskrá og virðisaukaskattsskrá eftir því sem við á. Með því er verið að veita betri þjónustu við ný félög og rekstraraðila og tryggja réttari og tímanlegri skráningu þeirra á viðeigandi skrár. Liður í þeirri vinnu er sameining núverandi tilkynninga inn á virðisaukaskattsskrá annars vegar og inn á launagreiðendaskrá hins vegar, sem og sameining tveggja eyðublaða um reiknað endurgjald.

Á árinu var byrjað að senda boðanir á þá launagreiðendur sem ekki stóðu skil á staðgreiðslu launþega sinna (í kjölfar umsókna launþega um leiðréttingu). Sendar voru boðanir á þá launagreiðendur sem ekki höfðu skráð sig á launagreiðendaskrá en voru engu að síður að gera skil á launum og staðgreiðslu.

Á árinu var unnið að því að úrskurða út af grunnskrá virðisaukaskatts aðila sem eingöngu höfðu skilað núllskýrslum árin 2003 og 2004 og engir verktakamiðar höfðu borist um. Embættið sendi skattstjórum yfirlit yfir þá aðila og framhaldið var síðan í höndum skattstofa. Virkum virðisaukaskattsnúmerum fækkaði um 123 á árinu og voru í árslok alls 33.767.

Starfsemi fyrirtækjaskrár markaðist sem fyrr af stöðugri aukningu innsendra tilkynninga. Vegna aukins umfangs hefur tafist að ná þeim markmiðum um skráningararhraða sem að er stefnt. Síaukinn hraði í íslensku við-



skiptalífi kallar á það að fyrirtækjaskrá skrái breytingar sem tilkynntar eru með skjótari hætti en verið hefur.

Í eftirfarandi yfirliti getur að líta helstu mælikvarða á umfangi starfseminnar árin 2004-2005:

	2004	2005	Breyting
Skráning einkahlutafélaga	2.545	2.862	13%
Almennar aukatilkynningar	4.895	5.233	7%
Samruni félaga	183	217	19%
Skiptingar félaga	32	62	94%
Afskráning	256	254	1%
Vottorð úr hlutafélagaskrá	1.967	1.783	-9%
Vottorð á ensku	653	912	40%
Ljósrit úr hlutafélagaskrá	1.682	2.004	19%

Grunnskrár fjármagnstekjuskatts. Um miðjan janúar ár hvert er öllum lögaðilum sendur gíróseðill og sömu-leiðis einstaklingum í rekstri sem taldir eru skyldir til að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af vöxtum og arði. Skil á þessum skýrslum hafa verið eftirfarandi undanfarin tvö ár:

	2004	2005
Sendir gíróseðlar	19.360	23.633
* þar af skilað greiðsluskýrslum	2.654	2.931
* þar af skilað núllskýrslum	14.575	15.168
* þar af ekki skilað	2.131	5.534

Framtal vegna fjármagnstekjuskatts (RSK 1.07) var sent í fyrsta skipti í fyrra til valinna aðila (tæplega 900) sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. tskl. Aðallega er um að ræða ýmis félög, sjóði og opinberar stofnanir.

RSK heldur skrá yfir þá sem eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti. Skráin er tvíþætt, annarsvegar undanþága vegna staðgreiðslu skatts af vöxtum og arði og hinsvegar undanþága vegna skatts á vexti. Skráin var að venju send reglulega til Reiknistofu bankanna til nota í reglubundnum vinnslum til að ákvarða og framkvæma afdrátt fjármagnstekjuskatts.

Ársreikningaskrá. Fjöldi félaga á ársreikningaskrá á árinu var alls 23.237 en voru 21.442 á árinu 2004 og aukning því um 8%. Þessum fjölda þarf að taka með fyrirvara um félög á skrá sem hætt hafa rekstri en ekki verið afskráð. Í árslok 2005 höfðu 12.907 félög skilað ársreikningum fyrir árið 2004 eða um 60% af skilaskyldum félögum. Nýtt kerfi fyrir skráningu ársreikninga var tilbúið til notkunar vorið 2005 en skönnun ársreikninga 2003 hófst á árinu 2004. Fyrsta orðsend-

ing til vanskilaaðila vegna ársreiknings 2004 var send 18. apríl 2005 og kærubréf til skattranssóknarstjóra 29. desember sama ár vegna þeirra vanskilaaðila sem þá stóðu enn eftir. Eftirrekstur vegna vanskila 2004 er enn í gangi. Fyrirhugað er að eftirrekstur vanskila vegna næsta árs hefjist í nóvember 2006 eftir álagningu opinberra gjalda á félög.

Á árinu veitti ársreikningaskrá 42 félögum heimild til að færa bókhald sitt og semja ársreikninga sína í erlendum gjaldmiðlum og samtals hefur 140 félögum verið veitt þessi heimild frá því að hún kom inn í lög.

Eftirlit með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum hófst í septemberlok með ráðningu starfsmanns. Tekur hann þátt í fundum samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) við að framfylgja stöðlunum. Nokkur vinna hefur átt sér stað varðandi þetta eftirlit og samræmingu þess innan CESR og hefur meðal annars verið settur upp samstarfsvettvangur eftirlitsaðilanna, EECS (European Enforcers Coordination Sessions) þar sem fulltrúar eftirlitsaðila í hverju landi hittast reglulega til þess að ræða ákvarðanir sem einstakir eftirlitsaðilar hafa tekið og til að skiptast á upplýsingum. Í upphafi árs 2006 heyra tæplega 150 félög undir eftirlitið hér á landi. Af þeim eru 25 félög með skráð hlutabréf í Kauphöllinni og 86 dótturfélög þeirra. Þessu til viðbótar hafa 12 félög og 24 dótturfélög þeirra tilkynnt að þau muni nýta sér heimildarákvæði laganna og beita stöðlunum.

Á árinu 2005 hófst móttaka rafrænna ársreikninga á vef RSK. Viðbrögð endurskoðunarskrifstofa voru ekki eins góð og vænta mátti miðað við reyningu af öðrum rafrænum skilum. Það má að einhverju leyti rekja til þess að í rafrænum skilum voru gerðar kröfur um lögboðnar upplýsingar um stjórn, endurskoðendur og eignaraðila til að uppfylla skilaskilyrði sem auðveldara var að vanrækja með því að skila á pappír.

Markviss og örugg framkvæmd álagningar

Ætíð sé beitt bestu aðferðum við að tryggja að allar forsendur hvarrar álagningar, vinnuferlar og tækni séu í takt og skili því að álagning fari fram á réttum tíma, á rétta aðila og á réttum forsendum.

Almennt. Álagning opinberra gjalda, virðisaukaskatts, staðgreiðslu, bifreiðagjalda og vörugjalda hefur farið fram á réttum tíma, verið tilkynnt gjaldpólum eftir því

sem lög kveða á um og verið hnökralaus að mestu. Vinnu við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga lauk af hálfu skattstofa þann 1. júlí og fór álagningar- og áætlanakeyrsla fram í kjölfarið. Æ stærri hluti álagningarupplýsinga vegna opinberra gjalda kemur frá þriðja aðila og er forskráður á framtölin. Sífellt stærri hluti framtala fær sjálfvirka álagningu og samræmi í meðhöndlun framtala eykst með hverju ári.

Regluprófun. Mikilvægur og vaxandi þáttur í samræmingu skattframkvæmdar er beiting vélrænna reglu- prófana á framtöl og skýrslur. Rekstrarframtöl hafa nú verið regluprófuð frá og með árinu 1998 en einstaklingsframtölin frá árinu 2000. Hefur regluprófunin verið endurbætt og augin árlega með hliðsjón af reynslu liðins árs, ábendingum skattstjóra og með það að leiðarljósi að auka hagræði við yfirferð skattframtala og samræmi í skattframkvæmd. Er nú svo komið að kerfið inniheldur alls 360 reglur til yfirferðar rekstrarframtala og 1.200 reglur til yfirferðar einstaklingsframtala. Á árinu 2005 fengu alls um 20% rekstrarframtala sjálfvirka álagningu og um 51% einstaklingsframtala. Á árinu var unnið að sambærilegu kerfi og reglusmíði vegna yfirferðar yfir virðisaukaskattsskýrslur en því verki var ekki lokið um áramót.

Takmörkuð skattskylda. Með síauknum viðskiptum við útlönd hefur aukist þörf fyrir að tryggja að skilað sé skatti af greiðslum til erlendra aðila sem hafa tekjur af þjónustu eða starfsemi sem innt er af hendi hér á landi. Í nóvember hófst áttak við að framfylgja takmarkaðri skattskyldu vegna greiðslna til þeirra sem falla undir 3. og 6. tölulið 3. gr. tekjuskattslaga. Takmörkuð þekking er meðal viðskiptaaðila á skyldum í þessu efni og skil á upplýsingum um þessar greiðslur og eftir atvikum staðgreiðslu af þeim hafa verið ófullnægjandi. Vinna við þetta verkefni á árinu fólst fyrst og fremst í að

kanna umfang slíkra greiðslna og byrjað var að vinna að kynningarefni.

Fækkun áætlana - bætt skýrslu- og framtalsskil.

Umfang áætlana við álagningu virðisaukaskatts, staðgreiðslu og tekjuskatts er áhyggjuefni. Áætlanir við álagningu virðisaukaskatts og staðgreiðslu eru að jafnaði á bilinu 16-20% en 4-6% við hina árlegu álagningu opinberra gjalda. Í stefnumörkun embættisins hefur því verið lögð áhersla á að draga úr fjölda áætlana og bæta skýrslu- og framtalsskil.

Áðurnefnd vinna við endurskoðun á grunnskrá lög- aðila mun stuðla að því m.a. að fjarlægja af skránni „dauð félög” og aðra aðila sem hætt hafa starfsemi sem aftur mun fækka áætlunum, bæði við álagningu á staðgreiðslu, virðisaukaskatti og á árlegum opinberum gjöldum. Jafnframt hefur sýnt sig að minna er um áætlanir hjá aðilum í rafrænum skilum, og gætu aðgerðir til fjölgunar í rafrænum skilum því einnig stuðlað að fækkun áætlana.

Ein leið til að draga úr fjölda áætlana er að auðvelda framtalsskil. Helsta leiðin til þess hefur verið að auka forskráningu á framtöl og eins voru gerðar margar breytingar á vefframtalinu til að auðvelda útfyllingu þess. Önnur vinna sem unnin var í þessu sambandi var að gera drög að einfaldara framtali fyrir þá sem dvalið hafa hér á landi í skamman tíma og þurfa ekki að gera grein fyrir öðru en launatekjum og frádrætti frá þeim. Stefnt var að því að útbúa framtalið á nokkrum tungumálum.

Auk þeirra úrræða sem verið er að beita hefur á undanförunum árum verið vaxandi umræða um nauðsyn þess að lögfesta ríkari heimildir til sektarbeitingar þegar framtölum, ársreikningum eða öðrum gögnum sem skylt er að skila er ekki skilað. Þessi umræða hefur m.a. átt sér stað á samráðsfundum skattstjóra, ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneytis.



2. Góð þjónusta

Góð þjónusta við viðskiptavinum skattfirvalda er lykillinn að betri og áreiðanlegri framtalsskilum og stuðlar að réttri álagningu. Henni verður best sinnt með því að hafa reglur vel kynntar og aðgengilegar, með auðveldum samskiptum, með skilvirkri afgreiðslu erinda og faglegri þjónustu.

Reglur vel kynntar og aðgengilegar

Einn meginliðurinn í góðri þjónustu skattfirvalda er kynning á þeim reglum sem skattlagning og skráarhald byggir á. Í þessu felst að auðvelt sé að nálgast upplýsingar um gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Upplýsingavefur skattsins. Ríkisskattstjóri leggur ríka áherslu á rafræna stjórnsýslu og er upplýsingavefurinn, rsk.is, helsti vettvangur miðlunar upplýsinga til almennings. Á honum er birt safn laga og stjórnvaldsfyrirmæla og þar er einnig að finna þær orðsendingar og auglýsingar sem ríkisskattstjóri lætur frá sér fara, svo og auglýsingar fjármálaráðherra um skattamál. Þá eru þar birtar ýmsar almennar leiðbeiningar á sviði skattaréttar og þær uppfærðar jafnóðum og breytingar verða á réttarreglum.

Skruddan, handbókar- og uppflattikerfi. Á vormánuðum var unnið að smíði á kerfi fyrir handbækur, verklagsreglur og réttarheimildir. Kerfið hlaut nafnið Skruddan og við opnun þess í byrjun nóvember innihélt það eftirlitshandbók RSK. Síðar sama mánuð voru leiðbeiningar um rekstrarkostnað einnig gerðar aðgengilegar í Skruddunni. Til að byrja með verður kerfið eingöngu aðgengilegt á innri vef skattkerfisins. Stefnt er að því að allar handbækur, verklagsreglur sem og réttarheimildir sem skattkerfið vinnur, verði í Skruddunni.

Undir lok ársins var hafist handa við að koma framtalsleiðbeiningum einstaklinga fyrir árið 2006 í handbókarform Skruddunnar. Jafnframt voru lögð drög að samþættingu þeirra við vefframtalið til að auðvelda framteljendum útfyllingu einstakra liða framtalsins.

Aðgengi fyrir fatlaða. Á árinu var unnið að því að gera breytingar á vef ríkisskattstjóra til að uppfylla staðla í tengslum við aðgengi fyrir fatlaða. Aðgengisstaðlarnir sem miðað er við byggja á stöðlum WAI (Web Accessibility Initiative) og eru staðfærðir og prófaðir á



Íslandi í samvinnu Sjá ehf. við Öryrkjabandalagið. Áætlað er að upplýsingavefur ríkisskattstjóra, rsk.is, fái vottun um forgang I og forgang II á árinu 2006.

Samnorrænn skattavefur. Í maí 2005 var opnaður samnorrænn skattavefur, Nordisk eTax.net. Um er að ræða samstarfsverkefni ríkisskattstjóra allra Norðurlandanna. Vefurinn hefur að geyma upplýsingar um skattlagningu manna í ríkjunum, einkum þegar um er að ræða skattalega hagsmuni í tveimur ríkjanna samtímis. Samhliða skattavefnum (nordisk skatteportal) er starfrækt vefskattstofa (virtual skattekontor). Almenn-ingur á Norðurlöndunum getur beint til vefskattstofunnar fyrirspurnum er varða skattlagningu í ríkjunum. Sjá skattfyrivöld í hverju ríki um að svara því sem að þeim snýr, en fyrirspyrjandi fær sameiginlegt svar vefskattstofunnar. Svör eru að jafnaði veitt innan 15 daga.

Svör við fyrirspurnum. Starfsmenn ríkisskattstjóra svara fyrirspurnum almennings um gildandi rétt og skattframkvæmd. Í því skyni eru skipulagðar sínavaktir alla vinnudaga ársins. Svör við almennum fyrirspurnum byggjast á fyrirliggjandi skriflegum gögnum og eru

jafnan veitt innan fimm virkra daga frá því fyrirspurn berst. Svör sem fela í sér túlkun, sem ekki hefur áður verið sett fram skriflega, eru eingöngu veitt bréflaga og innan tveggja mánaða. Í þeim tilvikum sem svör hafa að geyma stefnumörkun og almenna skírskotun (ákvarðandi bréf) eru þau birt á upplýsingavefnum, eftir að nöfn og önnur auðkenni hafa verið afmáð. Slík birting fer að jafnaði fram innan þriggja vinnudaga frá útsendingu bréfs.

Hjálparborð (e. HelpDesk). Staðið hefur til að koma tölvupóstfyrirspurnum í ákveðinn farveg. Í ljósi reynslunnar sem slíkt kerfi hefur gefið á samnorræna skattavefnum, Nordisk eTax var ákveðið að bjóða upp á slíkt gagnvirk hjálparborð í rafrænum skilum virðisaukaskatts og staðgreiðslu. Vinna hófst við þetta verk á árinu og var áætlað að opna hjálparborðið í byrjun apríl 2006.

Námskeið fyrir nýja í rekstri. Eins og á undanförunum árum hefur ríkisskattstjóri boðið upp á þjónustu í formi námskeiða um almenn skattskil, tekjuskráningu og reikningaútgáfu, virðisaukaskatt og staðgreiðslu fyrir þá sem eru að hefja atvinnurekstur. Námskeiðin eru haldin hjá ríkisskattstjóra en jafnframt hefur verið farið með þau út á land og á árinu 2005 var eitt námskeið haldið í Vestmannaeyjum. Upplýsingar um námskeiðin eru á vef ríkisskattstjóra en jafnframt var á árinu 2005 gefinn út kynningarbæklingur, auk þess sem námskeiðin eru auglýst í blöðum eftir því sem tilefni þykir til. Eftirspurn hefur verið mikil og var fullbókað á flest námskeið á árinu.

Auðveld samskipti - rafræn stjórnsýsla

Með því að auðvela skýrslugerð og skýrsluskil er stuðlað að réttum og áreiðanlegum skilum á upplýsingum til skattfyrvalda. Rafræn skil á upplýsingum eru lykilþáttur í því að auðvela samskiptin þar sem viðskiptavinurinn fær ýmis konar aðstoð við skýrslu- og/ eða framtalsgerð eða umsóknarferli, s.s. rafrænar leiðbeiningar, villuprófun, bráðabirgðaútreikning, leiðréttinga- og kærunguleika og aðgang að fyrri framtölum og skýrslum og ýmsum öðrum upplýsingum.

Rafræn skil vörsluskatta. Stefnit er að því að rafræn skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu nái til yfir 75% framteljenda á árinu 2009. Í samræmi við það markmið

hefur sérstakur áttakshópur unnið að margvíslegum verkefnum til að stuðla að auknum rafrænum skilum á virðisaukaskatti og staðgreiðslu. Helstu verkefni sem ráðist var í á árinu voru eftirfarandi:

- Kynning á rafrænum skilum var sett á útsendingarumslög virðisaukaskatts- og staðgreiðsluskýrslna.
- Hvatningarbréf voru send á afmarkaða hópa.
- Hætt var að senda pappírsskýrslu til aðila sem sótt hafa um veflykil.
- VSK-skýrslunni var breytt í einrit og í fyrsta sinn sendar skýrslur fyrir fleiri en eitt tímabil til aðila í tveggja mánaða skilum og þeir hvattir til að hefja rafræn skil. Í kjölfarið hefur umsóknum um veflykla fjölgað mikið. Sama breyting var undirbúin með staðgreiðsluskýrslur.
- Unnið var að því að opna rafrænar tilkynningar inn á vsk.skrá og launagreiðendaskrá í tengslum við rafræna skráningu á fyrirtækjaskrá.
- Unnið var að tillögum um breytingar til að örva rafræn skil.

Virðisaukaskattur

Umsóknum um veflykla vegna virðisaukaskattsskila fjölgaði úr liðlega 2.300 árið 2004 í yfir 4.400 á síðasta ári. Veflyklar í notkun (virkir) voru alls liðlega 8.700 í árslok eða um 26% af heildarfjölda á virðisaukaskattsskrá en sama hlutfall var um 16% á árinu 2004.

	2004	2005	Hlutfall 2004	Hlutfall 2005
Virkir veflyklar	5.266	8.710	16%	26%
Virk vsk.númer alls	33.874	33.767		
Rafrænar skýrslur	20.992	34.264	13%	21%
Skýrslur alls	166.606	166.477		

* Alls voru veflyklar í virðisaukaskatti 10.155 í árslok 2005 en um 14% af þeim eru óvirkir þar sem umsækjandi hefur ekki lokið umsóknarferlinu (skilað skriflegri umsókn).

Staðgreiðsla

Veflyklum í staðgreiðslu fjölgaði um liðlega 3.600 og hlutfall virkra veflykla af heildarfjölda launagreiðenda fór úr fimmtungi í yfir þriðjung á milli ára. Rafræn skil á sundurliðunum jukust einnig á milli ára og mældust hartnær 90% á síðasta ári.



	2004	2005	Hlutfall 2004	Hlutfall 2005
Virkir veflyklar	6.181	10.799	20%	35%
Launagreiðendur alls	30.664	30.770		
Rafrænar skilagr. *	42.083	68.703	22%	35%
Skilagreinar alls	188.001	195.019		
Rafrænar				
sundurliðanir **	3.103.911	3.579.516	85%	89%
Sundurliðanir alls	3.664.680	4.015.479		

* Hér er um að ræða skýrslur þeirra sem skila bæði staðgreiðslu launamanna og tryggingagjaldi, þ.e. ekki skýrslur sem innihalda eingöngu tryggingagjald.

** Hér eru taldar færslur, þ.e. fjöldi launamanna samanlagt á öllum sundurliðunum ársins.

Aukin forskráning og flutningur upplýsinga úr vefbönkum.

Í stefnuritinu er sett fram það markmið að fyrir árið 2010 verði áritun á skattframtöl einstaklinga það yfirgripsmikil til þess að yfir 50% framteljenda geti lokið framtalsgerð sinni með undirritun eða minni háttar breytingum.

Á árinu 2005 var aukið nokkuð við forskráningu frá fyrri árum. Í fyrsta lagi jukust skil á launamiðum frá fyrri ári fyrir áhrif Gagnaskilakerfisins, en það var opnað í ársbyrjun. Þar er unnt að skila rafrænt launamiðum, verktakamiðum og hlutafjármiðum en kerfið er jafnframt notað af skattstjórum til innskráningar á launa-, verktaka- og hlutafjármiðum sem berast á pappír. Í lok febrúar hafði verið skilað inn og skráðir í kerfið 262.500 launamiðar, 66.800 verktakamiðar og 12.100 hlutafjármiðar. Í annan stað var í fyrsta sinn tekið við lánaupplýsingum frá lífeyrissjóði og rudd brautin fyrir aukin skil frá þeim. Þá voru í fyrsta sinn skráð beint á framtalið kaup og sala ökutækja og unnið að margvíslegum nýmælum varðandi forskráningu komandi ára. Meðal annars var unnið að því í samstarfi við einstaka viðskiptabanka að opna fyrir þann möguleika fyrir vefbankanotendur að flytja að eigin ákvörðun upplýsingar úr vefbanka yfir á vefframtal. Sem liður í undirbúningi fyrir forskráningu 2006 var öllum fjármálastofnunum sent bréf og þess óskað að þær skiluðu skattyfirvöldum lánaupplýsingum vegna einstaklinga fyrir framtalsgerð 2006. Því miður reyndust viðskiptabankar ófúsir til að veita þessa þjónustu.

Fjárhæðir og hlutföll forskráningar

Í meðfylgjandi yfirliti er að finna meginstærðir forskráningar á framtöl á síðustu tveimur árum. Undirgögn er að finna í fylgiskjali 1. Eins og sjá má dregur aðeins úr hlutfalli forskráðra tekna á milli ára og kemur það til af því að hagnaður af sölu hlutabréfa eykst verulega á milli ára en þær fjárhæðir eru ekki forskráðar. Hlutfall forskráðra launatekna er hins vegar svipað bæði árin eða um 93%. Hlutfall forskráðra eigna hækkar um 3%, en hlutfall forskráðra fasteigna hækkar þar af úr 98% upp í 99%. Umtalsverð lækkun á forskráðum skuldum á milli ára stafar af því að lántaka færðist í verulegum mæli frá Íbúðalánasjóði yfir í bankakerfið sem hefur ekki veitt þessar upplýsingar.

	2004			2005		
	Forskráning mía.kr.	Framtal mía.kr.	Hlutf. %	Forskráning mía.kr.	Framtal mía.kr.	Hlutf. %
Tekjur	446	561	80	482	630	77
Eignir	1.207	1.539	78	1.423	1.762	81
Skuldir	443	648	68	453	748	61

Rafvæðing skattkorta. Þetta verkefni hefur ekki komist á framkvæmdastig ennþá. Það er margslungið og tengist m.a. endurhönnun tölvukerfisins sem notað er og fjármögnun á því verkefni.

Rafvæðing erfðafjárskýrslu - framtalsform fyrir erlenda launamenn. Eftir að lögum um erfðafjárskatt var breytt og skattyfirvöldum falið eftirlit með framkvæmd þeirra laga hefur verið stefnt að því að endurskoða skýrslugerð og skráningu vegna erfðafjárskatts. Verkefnið er í vinnslu en er skammt á veg komið enn sem komið er.

Framtalsform fyrir erlenda launamenn með takmarkaða skattskyldu var útbúið á árinu í samræmi við áform þar um.

Þróun vefframtals og þjónustusíðna. Stefnt er að því að einstaklingar og lögaðilar hafi aðgang að sem flestum upplýsingum sem þá varða í skattkerfinu og geti sinnt öllum sínum samskiptum við skattkerfið rafrænt. Þjónustusíða lögaðila var opnuð í janúar 2005. Þjónustusíða einstaklinga var þróuð áfram og bætt við valmöguleikum, s.s. skilum á ársreikningum og skilum á viðbótargögnum með framtali. Þá var forsiðu breytt,

m.a. hvernig grunnupplýsingar birtast og samspili framtals og þjónustusiðu.

Skil fagframteljenda á skattframtölum voru einfölduð til hagræðis fyrir alla aðila með upptöku á XML-skilaforni og um leið var þjónusta við þá stóraukin með vefþjónustum, s.s. að sækja áritunarupplýsingar. Jafnframt voru tekin í notkun rafræn skilríki úr tilrauna- verkefni ríkisins í stað þeirra sem fyrir voru (PGP-skilríki).

Samstarf við aðrar stofnanir um rafræna miðlun upplýsinga. Ríkisskattstjóri hefur tekið upp samstarf við ýmsar stofnanir ríkisins um rafræna þjónustu. Tilgangurinn er í senn að nýta aðgangskerfi skattsins til að auðvelda þessum aðilum að veita þjónustu og að efla og festa í sessi rafræn samskipti við skattyfirvöld. Meðal þess sem gert hefur verið:

- Stofnað var til aukins samstarfs við TR á árinu og liggja fyrir lýsingar á þeim áhersluverkefnum sem stofnanirnar vilja ráðast í á næstunni.
- Stefnt var að því að opna aðgang að upplýsingum í Landsskrá fasteigna í gegnum þjónustusiðu RSK og var sú vinna hafin á árinu.
- Stefnt var að því að opna aðgang að upplýsingum LÍN í gegnum þjónustusiðu RSK og var sú vinna hafin á árinu.
- Stofnað var til samstarfs við Umferðarstofu um að opna aðgang að ökutækjaskrá í gegnum þjónustusiðu RSK og var því verkefni lokið fyrir áramót.
- Ýmis sambærileg verkefni voru í burðarliðnum, svo sem samstarf við Hagstofu og fjársýslu um aðgang að upplýsingum í þjóðskrá annars vegar og um greiðslustöðu við ríkissjóð hins vegar.
- Embættið á fulltrúa í verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu á vegum forsætisráðuneytis.

Skýr og skiljanleg eyðublöð. Leitast er við að hafa öll framtalsform og önnur eyðublöð einföld og skiljanleg. Auk áður getinnar fækkunar og samræmingar eyðublaða var eyðublaðinu „Kaup og sala eigna“ skipt í tvo hluta til einföldunar fyrir framteljendur. Lögð voru drög að breytingum á framtalseyðublöðum vegna hluta-fjárkaupa og -sölu. Eyðublöð fyrirtækjaskrár voru endurskoðuð og færð til samræmis við önnur eyðublöð embættisins og eru þau nú öll aðgengileg til útfyllingar á vef RSK.

Skilvirk afgreiðsla erinda

Stefnt er að skilvirkri afgreiðslu allra erinda með skilmerkilegri skráningu þeirra og afgreiðslu innan settra marka sem ákvörðuð eru í lögum og verklagsreglum.

Um öll erindi sem embættinu berast er stofnað sérstakt mál í skrifstofuferfi þess og skráð frá hverjum erindi berst og hvenær, stutt lýsing á efni máls, hverrar tegundar það er, hvaða málaflokki það heyrir til o.fl.

Verkaskipan í helstu málaflokkum er sú, að hverjum málaflokki er stýrt af tilteknum starfsmanni (verkefnisstjóra). Staða mála í hverjum málaflokki sætir eftirliti viðkomandi deildarstjóra á fundum sem haldnir eru mánaðarlega.

Í sumum málaflokkum er fyrir að fara lögboðnum tímafrestum til afgreiðslu mála, en í öðrum málaflokkum hefur embættið sjálft sett sér tímaviðmið.

Lögboðið er að bindandi álit í skattamálum skuli ríkisskattstjóri láta uppi svo fljótt sem auðið er. Sé ekki unnt að láta álit uppi innan 4 vikna skal ríkisskattstjóri skriflega tilkynna álitshæfðanda um frestun og ástæður hennar. Ríkisskattstjóra er ekki heimilt að fresta gerð bindandi álita lengur en í 3 mánuði frá því beiðni berst. Ríkisskattstjóra hefur jafnan tekist að halda tímamörk þessi.

Ríkisskattstjóri kemur fram af hálfu gjaldkrefjenda í kærumálum til yfirséðanefndar. Skal hann innan 45 daga, frá því honum berst endurrit kæru, hafa lagt fram rökstuðning sinn og nauðsynleg gögn er hann aflar frá viðkomandi skattstjóra. Nokkur misbrestur hefur orðið á að ríkisskattstjóri hafi haldið tímamörk þessi, einkum í umfangsmiklum skattrannsóknarmálum.

Ríkisskattstjóri endurákvæðir skatta á grundvelli skýrslna skattrannsóknarstjóra ríkisins um skattrannsóknir, eftir því sem þær gefa tilefni til. Áður en til endurákvæðunar kemur er gjaldanda tilkynnt um fyrirhugaðar aðgerðir og gefinn kostur á andmælum. Ríkisskattstjóri hefur sett sér þau markmið að boða fyrirhugaðar breytingar innan tveggja mánaða frá því honum berst skýrsla skattrannsóknarstjóra og að endurákvæða innan tveggja mánaða frá lokum andmæla-frests. Þau markmið hafa ekki alltaf náðst, einkum hafa umfangsmestu málin verið lengur í vinnslu.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að breyta skattákvæðunum skattstjóra sjái hann til þess ástæðu. Til slíkra breytinga kemur jafnan ekki nema gjaldandi setji fram ósk þar um og færi fram forsendur til breytinga (skatterindi). Ríkisskattstjóri setti sér það markmið



síðla árs 2004 að afgreiða slík skatterindi innan tveggja mánaða frá því þau berast að viðbættum þeim tíma er afgreiðsla dregst af ástæðum sem raktar verða til gjaldandans. Ekki hefur enn tekist að ná því markmiði, en stórlega hefur þó miðað í rétta átt. Gjaldendum er skriflega gerð grein fyrir tölum á afgreiðslu.

Ákvarðanir skattstjóra varðandi einstaka flokka mála eru kærnanlegar til ríkisskattstjóra, svo sem varðandi tekjuskattsívilnanir og endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna húsbýgginga og til erlendra fyrirtækja. Ýmist á grundvelli sérstakra ákvæða skattalaga eða á grundvelli stjórnáskilgátulaga. Markmið um að úrskurða kærur innan tveggja mánaða gengur jafnan eftir.

Fagleg þjónusta - persónulegt viðmót

Með faglegri og persónulegri þjónustu er viðskiptavinum skattfyrvalda auðveldað að fræðast um lög og reglur og fara eftir þeim.

Starfsmenn ríkisskattstjóra svara fyrirspurnum almennings um gildandi rétt og skattframtal. Í því skyni eru skipulagðar símavaktir alla vinnudaga ársins til að veita svör við munnlegum fyrirspurnum, sbr. nán-

ari umfjöllun á bls. 17 um „reglur vel kynntar og aðgengilegar“.

Nokkur undanfarin ár hefur verið þróuð svarþjónusta skattkerfisins á háannatíma framtalsgerðar. Hefur hún falist í að skipuleggja og bjóða upp á símaaðstoð allra skattstofa og ríkisskattstjóra við framtalsgerð, bæði vegna tæknilegra úrlausnarefna (vefframtal) og skatta-legra. Hin sameiginlega svarþjónusta, með einu símanúmeri, náði nú jafnt til dagtíma sem utan hans en áður hefur hún eingöngu náð til framlengdra símavakta.

Í klukkustundum jókst hin sameiginlega svarþjónusta úr 334 klst. árið 2004 í 938 klst árið 2005 en aukningin felst í þjónustu sem hver og ein skattstofa hefur áður veitt á dagtíma í eigin símanúmeri. Hins vegar jókst svörun á milli ára úr 40% í 60% sem ráða má af að vaktir hafi verið betur mannaðar. Jafnframt kom berlega í ljós að þessi þjónusta er mest nýtt á dagtíma.

Peir sem leita til embættisins eiga að finna fyrir góðu viðmóti og að starfsmenn séu vel upplýstir, þjónustulundaðir og jákvæðir. Símaþjónustan þarf að vera góð og biðtími stuttur, en á það hefur nokkuð skort hin síðari ár. Á árinu var símkerfið uppfært og þjónustuver keypt sem gerir alla upplýsingaöflun um svörun og veitta þjónustu betri og gefur færi á endurskipulagningu á símaþjónustu með hliðsjón af símaálagi og reynslu.

3. Skattkerfið njóti virðingar

Mikilvægt er að skattkerfið njóti virðingar og vinnst með því tvennt. Annars vegar verður vilji viðskiptavina til löghlýðni meiri, fleiri munu sjálfviljugir skila réttum upplýsingum og greiðslum á réttum tíma, fleiri munu kynna sér reglurnar og leita leiðsagnar og einnig munu færri af ásetningi sniðganga reglur. Hins vegar verður starfsánægja hjá starfsmönnum skattkerfisins meiri með þeim áhrifum að þjónusta verður að jafnaði betri og jafnframt munu fleiri og hæfari einstaklingar en ella sækjast eftir vinnu hjá skattkerfinu. Unnið er að þessu markmiði með mótun samræmdrar og opinberrar þjónustustefnu, með traustvekjandi skattframtal, með upplýstri umræðu um skattframtal og með gerð viðhorfs- og þjónustukannana.

Samræmd og opinber þjónustustefna

Að því er stefnt að móta samræmda þjónustustefnu í samvinnu við skattstjóra, þar sem m.a. verði tilgreind réttindi og skyldur borgaranna og þá þjónustu sem vænta megir af skattkerfinu. Þetta verkefni hefur ekki komist á það stig að stefna hafi verið mótuð. Hins vegar hefur RSK átt fulltrúa í norrænum samstarfshópi um þróun þjónusturása þar sem umfjöllunarefnið og þekkingaröflun kemur til með að nýtast til þessarar vinnu.



Stefnt er að því að efla sameiginlega ásýnd skattkerfisins. Þetta markmið hefur verið rætt á samráðsfundum með skattstjórum og fjármálaráðuneyti og RSK hefur þar kynnt þau áform að útbúa sameiginlegt auðkenni (logo) fyrir skattkerfið sem lið í því stefnumáli að samræma þjónustu og ásýnd skattkerfisins. Þetta hefur hlotið hljómgrunn en verkefninu var ekki hrundið af stað á árinu.

Á síðasta ári var haldið svokallað þjónustunámskeið í september fyrir starfsmenn í skattkerfinu til að efla þekkingu og vitund um góð samskipti, þjónustulund og samstarf.

Traustvekjandi og sanngjörn skattframkvæmd

Embætti ríkisskattstjóra kappkostar að skattákvæðanir þess séu efnislega réttar miðað við gildandi rétt og að málsmeðferð sé í samræmi við sérákvæði skattalaga í þeim efnislegum og almennar reglur stjórnsýslulaga. Þannig skal við matskenndar ákvæðanir gæta meðalhófs og jafnræðis.

Allar skattákvæðanir eru tilkynntar skriflega. Lögð er áhersla á gott málfar og skýra framsetningu. Úrskurðir eru þannig upp byggðir að getið er um tilefni ákvörðunar og tiltekinn er lagagrundvöllur hennar. Rakin eru málsatvik, gerð er grein fyrir þeim réttarreglum er við eiga, málsatvikin heimfærð undir réttarreglurnar og niðurstaða leidd fram með rökstuddum hætti. Í úrskurðarorðum er niðurstaða dregin saman og tilgreind tölulega. Þá eru veittar upplýsingar um kæruvettur eftir því sem við á. Að ákvörðun koma jafnan tveir starfsmenn og undirrita þeir úrskurð báðir.

Upplýst umræða um skattamál

Þessu markmiði er m.a. þjónað með útgáfu skatta- blaðsins Tíundar. Út komu þrjú tölublöð á árinu 2005, í apríl, ágúst og desember. Blaðið var með hefðbundnu sniði, greinar, viðtöl, fræðilegar greinar og almennur fróðleikur um skattamál. Blaðið hefur fengið meiri kynningu og umfjöllun með hverju árinu sem líður og hafa fjölmiðlar nýtt sér efni þess í auknum mæli.

Forsenda miðlunar tölulegra upplýsinga er uppbygging og viðhald gagnasafna embættisins. Nýr hugbúnaður var tekinn í notkun árið 2003 sem hefur einfaldað alla vinnslu upplýsinga og um leið opnað nýja möguleika við eftirlit og vinnslu talnaefnis til opinberrar birtingar á vef embættisins. Aukið var við gagnamagn á vefnum (staðtölur) og þar er nú að finna, á einum stað, aðgengilegt almenningi, mjög yfirgripsmikið safn

upplýsinga um skattstofna og álagningu einstaklinga og lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda síðastliðin tíu ár. Mikill og vaxandi áhugi hefur verið meðal ýmissa aðila fyrir upplýsingum sem byggja á skattagögnum. Þrátt fyrir að sífellt sé reynt að mæta kröfum fyrir upplýsingar með útgáfu efnis um skattamál í fréttablaði embættisins og á vef þess hefur umfang sérstakrar vinnslu upplýsinga að beiðni utanaðkomandi aðila aukist ár frá ári.

Embætti ríkisskattstjóra leggur til leiðbeinendur og fyrirlesara á fræðslufundi og ráðstefnur sem haldnir eru af ýmsum samtökum og félögum atvinnulífsins, eftir því sem þess er óskað og við verður komið.

Viðhorfs- og þjónustukannanir

Með gerð viðhorfs- og þjónustukannana fæst yfirsýn yfir þau atriði sem æskilegt er að styrkja í skattframkvæmdinni hvað þjónustu við almenning og fyrirtæki varðar. Jafnframt eru send skilaboð til almennings um að skattkerfið vilji bæta þjónustuna og laga hana að þörfum viðskiptavinanna á hverjum tíma.

Í desember var ráðist í að gera viðhorfskönnun í hópi fagframteljenda. Eitt hundrað endurskoðendur og bókarar voru í viðtalskönnun spurðir staðlaðra spurninga varðandi viðhorf til embættis ríkisskattstjóra og skattkerfisins og leitað eftir ábendingum þeirra um það sem betur mætti fara og skoðun á því hver áherslumálin ættu að vera á komandi árum. Niðurstöður lágu fyrir í janúar 2006.

Alþjóðlegt samstarf

Gagnkvæm miðlun þekkingar og reynslu milli landa er mjög mikilvæg og tekur ríkisskattstjóri virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði skattamála. Í fyrsta lagi tekur embættið þátt í skipulögðu samstarfi skattfyrvalda á vettvangi Norðurlanda, Evrópulandanna og OECD, í öðru lagi er skipst á skattagögnum þeirra sem hafa skattalega hagsmuni eða skyldur í fleiri en einu landi og í þriðja lagi hefur árangur ríkisskattstjóra á sviði rafrænnar stjórnsýslu leitt til þess að sífellt er meira leitað í smiðju til hans frá erlendum skattfyrvöldum um upplýsingar og ráðgjöf, bæði um uppbyggingu tæknikerfa og þær aðferðir sem beitt er til útbreiðslu rafrænnar stjórnsýslu.

Ríkisskattstjórafundur Norðurlanda 2005. Þessi fundur var haldinn í Tavastehus, Finnlandi og sóttu hann ríkisskattstjóri, vararíkisskattstjóri og forstöðu-



maður þjónustusviðs. Til undirbúnings fundum ríkisskattstjóranna starfa tvær málefnanefndir, nefnd um stjórnsýslumál og upplýsingatækni og nefnd um skatt eftirlit og höfðu fulltrúar embættisins starfað í þeim nefndum. Á ríkisskattstjórafundinum var að venju kynnt þróun og helstu viðfangsefni skattfyrivalda í hverju landi fyrir sig. Breytingar á skipulagi skattstjórnsýslu í Svíþjóð, Danmörku og Noregi voru fyrirferðarmikil mál á fundinum enda um merkilegar grundvallarbreytingar að ræða. Þá voru rædd sameiginleg verkefni, sem unnið er að svo sem „Nordisk benchmarking“ og samhliða skatteftirlitsverkefni sem undirnefndirnar höfðu undirbúið. Á fundinum voru einnig undirritaðir samningar milli ríkisskattstjóra Norðurlanda um rekstur Nordisk eTax vefsins og vefskattstofu fyrir árið 2005.

Nordisk eTax. Vegna síðasttalda verkefnisins höfðu starfsmenn frá upplýsingatæknideild RSK ásamt fræðslustjóra RSK og skattstjórinn á Vestfjörðum og fulltrúar annarra norrænna skattfyrivalda unnið að þróun norræns skattavefs og vefskattstofu. Íslandi var fallin ábyrgð á útfærslu, högun og hýsingu vefsins. Fundir vegna þessa verkefnis voru allmargir og var lokafundurinn fyrir opnun vefsins haldinn á Íslandi í maí. Vefurinn, NordiskeTax.net, var formlega opnaður á fundi fjármálaráðherra Norðurlandanna og hafa bæði þeir og aðrir lýst ánægju með vel heppnaðan vef. Hefur verið rætt um hvort högun og framsetningu NordiskeTax.net megi nýta í öðrum norrænum samstarfsverkefnum.

Ráðstefna Eystrasaltsríkja. Auk framangreinds tók ríkisskattstjóri þátt í árlegri ráðstefnu Eystrasaltsríkja sem fjallar mest um samskipti Norðurlandanna og landa sem liggja að Eystrasalti vegna skattframkvæmdar og skatteftirlits í tengslum við viðskipti með fisk og trjávöru.

IOTA. Ríkisskattstjóri sótti fund IOTA (Intra-European Organisation of Tax Administrations), sem haldinn var í Kráká í Póllandi. Á fundinum var staðfest að samtökin verði heildarsamtök skattfyrivalda í Evrópu. Gerðust flest ríki V-Evrópu, sem haft höfðu aukaaðild nú fullgildir meðlimir nema Danmörk, Ísland og fáein önnur ríki. Í framhaldi af fundinum var ákveðið að sækja um fulla aðild fyrir Íslands hönd frá og með ársfundi 2006. IOTA gengst fyrir allviðtæku námskeiðahaldi um skattframkvæmd á ýmsum sviðum og hafa mörg þeirra verið sótt af starfsmönnum embættisins og þykja mjög gagnleg.

OECD. Á vegum skattanefndar OECD (CFA) starfar Forum on Tax Administration, sem embætti ríkisskattstjóra hefur tekið þátt í með því að sækja árlegan fund FTA og taka þátt í vinnuhópum og verkefnum. Vann embættið m.a. að gerð skýrslu um skipulag skattstjórnsýslu í OECD löndunum. Þátttaka í vinnuhópum hefur einkum verið í Taxpayer Services subgroup. Deildarstjóri upplýsingatæknideildar sótti fund þessa hóps í Stokkhólmi í september. Þar var meðal annars farið yfir þær aðferðir sem þjóðir beita við útbreiðslu á rafrænni þjónustu, en Ísland tók þátt í því ásamt Bandaríkjunum og Bretlandi að safna þeim upplýsingum frá öðrum þjóðum. Þá voru einnig kynntar hugmyndir um að greina þær leiðir sem færar væru til að veita tiltekna þjónustu og skoða kostnað við þær og hvernig best væri að beina fólki í þann farveg sem væri hagkvæmastur (Channel strategy).

Fyrirtækjaskrá. Í maí sótti forstöðumaður fyrirtækjaskráráðstefnu í Dublin í tengslum við ársfund fyrirtækjaskráa í Evrópu. Einnig sótti hann í desember samráðsfund forstöðumanna fyrirtækjaskráa á Norðurlöndum sem haldinn er reglulega, að þessu sinni í Sundsvall í Svíþjóð.

Aðrir viðburðir.

- Í júní kom forstöðumaður þjónustumála hjá eistneskum skattfyrivöldum til 10 daga kynnisdvalar hjá RSK. Í ágúst kom sendinefnd frá finnska skattinum í heimsókn og kynnti sér þær aðferðir sem ríkisskattstjóri beitir við regluprófun framtala, og aðra þætti í starfseminni.
- Ríkisskattstjóri tekur þátt í tilraunaverkefni um rafræn skilríki sem fjármálaráðuneytið leiðir. Liður í að fylgjast með þróun þeirra mála er að taka þátt í starfsemi svokallaðs Porvoo hóps, um rafræn skilríki og útbreiðslu þeirra. Sjöundi fundur samtakanna var haldinn á Íslandi í maí. Á fundinum flutti deildarstjóri upplýsingatæknideildar RSK erindi þar sem hann fjallaði m.a. um þá hindrun sem óþjálmt notendaviðmót er fyrir útbreiðslu rafrænna skilríkja og samþykkt var á fundinum að gefa þætti notendanna aukið vægi í starfi hópsins.
- Í nóvember sótti ríkisskattstjóri „ráðherraráðstefnu“ í Manchester á Englandi (Ministerial eGovernment Conference 2005: „Transforming Public Services“).
- Að auki sóttu starfsmenn ýmsa aðra fundi og ráðstefnur heima og erlendis í tengslum við starfssvið hvers og eins.

4. Öflugt og markvisst skattefirlit

Árangursríkt skattefirlit er nauðsynlegt til að tryggja rétta skattlagningu, jafnræði á milli þegnanna og virðingu fyrir skattyfirvöldum. Efling skattefirlits er eitt af helstu áherslumálum árangursstjórnunarsamnings embættisins við fjármálaráðuneytið.



Mótun skattefirlits

Ríkisskattstjóri hefur með höndum yfirstjórn skatt- eftirlits og skattefirlit á landinu öllu, eins og kveðið er á um í 102. gr. laga um tekjuskatt. Nær eftirlitið til allra skatta og gjalda, sem lögð eru á af skattstjórum eða þeim er falin framkvæmd á. Í hlutverki ríkisskattstjóra felst jafnframt að embættið skal fylgjast með eftirlits- störfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leið- beina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skattefirlit. Einnig getur ríkisskattstjóri sérstaklega falið skattstjórum athugun á málum eða málaflökkum á sviði skattefirlits. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að endurákvæða skatta þegar eftir- litsaðgerðir hans gefa tilefni til þess.

Við markmiðasetningu í skattefirliti hefur ríkisskatt- stjóri litið til nokkurra meginþátta. Aðalmarkmiðið frá og með árinu 2005 er „öflugt og markvisst skattefirlit“. Með skattefirliti er kannað hvort skattlagning sé rétt og í samræmi við lög og reglur sem gilda, þannig að einstaklingar og lögaðilar greiði þá skatta sem þeim ber lögum samkvæmt.

Í ljósi ofangreindra starfsskyldna ríkisskattstjóra hef- ur verið talið brýnt að móta sérstaka eftirlitsstefnu fyrir skattkerfið í heild sinni. Hefur það verkefni því verið undirbúið og sett á dagskrá, m.a. með hliðsjón af al- mennri stefnumótunarvinnu og árangursstjórnunar- samningi.

Mikilvægt er að eftirlitsaðgerðir séu skipulagðar og undirbúnar með markvissum hætti svo árangur verði sem bestur. Var á árinu 2005 gerð gangskör að því að meta og forvinna málaflökka og efnisatriði, þannig að fyrirhugaðar eftirlitsaðgerðir yrðu sem árangursríkastar og jafnframt sem þægilegastar í framkvæmd, jafnt fyrir skattyfirvöld og skattþegna.

Æskilegt er að almenningi sé gert ljóst að virkt skatt- eftirlit er fyrir hendi í landinu og er verið að leita leiða til að auka gegnsæi þess og kynna opinberlega aðferða- fræði við val á aðilum til skoðunar. Hluti af þessari vinnu er fólgin í að endurskoða verklag og málsmeð- ferð í einstökum málum og málaflökkum, staðla verk- ferla, bréfaskriftir o.fl., auk þess sem tryggt verði að skattefirlitsmálum sé lokið innan eðlilegra tímamarka.

Á árinu 2005 var í samstarfi við skattstjóra unnið ötul- lega að því að uppfæra og endursemja handbók um skattefirlit, sem nýtist öllum starfsmönnum skattkerf- isins við vinnu sína. Lauk þeirri vinnu snemma á árinu 2006. Handbókinni var komið fyrir á innri vef embætt- isins í aðgengilegu formi.

Ríkisskattstjóri fundaði fjórum sinnum á árinu 2005 með völdum starfsmönnum skattstjóra vegna eftirlits- áætlana, samræmingar skattefirlits og annarra sam- eiginlegra mála á því sviði. Jafnframt var haldinn sam- ráðsfundur með skattrannsóknarstjóra ríkisins um snertifleti skattefirlits og skattrannsókna og samskipti embættanna á því sviði. Ennfremur var haustið 2005 haldið sérstakt námskeið á vegum starfsfræðslu ríkis- skattstjóra, sem reynt var að sérsníða að þörfum skatt- eftirlits, m.a. með sameiginlega eftirlitsáætlun skatt- stjóra og ríkisskattstjóra í huga.

Sem fyrr fylgdist embætti ríkisskattstjóra grannt með nýjungum og áherslubreytingum á sviði skattefirlits í



nágrannalöndunum. Áhersla var einkum lögð á að kynna sér þróun á sviði skatteftirlits með stórfyrirtækjum og alþjóðlega skattlagningu, enda þar um að ræða þá málaflokka sem ríkisskattstjóri telur brýnasta þörf á að beina athygli sinni að.

Heildstæð upplýsingaöflun

Ríkisskattstjóri hefur sett sér það markmið að árið 2010 verði öflun upplýsinga til forskráningar á skattframtöl einstaklinga orðin næg til þess að a.m.k. annar hver framteljandi geti lokið framtalsgerð með undirritun framtalsins einni, eða með lítills háttar breytingum á því. Með það fyrir augum hefur á árinu verið lögð sérstök áhersla á öflun upplýsinga skv. 92. gr. tekjuskattslaganna.

Megintilgangurinn með forskráningu upplýsinga er að tryggja áreiðanleika þeirra gagnvart skattyfirvöldum og framteljendum. Upplýsingarnar eru kallaðar inn með auglýsingu í byrjun janúar ár hvert. Á árinu var unnið að því að auka upplýsingaskilinn og sérstök áhersla lögð á upplýsingaöflun frá fjármálafyrirtækjum. Þá var skilaskyldum aðilum sem ekki skiluðu upplýsingum, þ.e. launamiðum, verktakamiðum, bifreiðahlunnindamiðum og/eða hlutafélagamiðum sent ítrekunarbréf. Einnig var kallað eftir gögnum frá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum vegna milligöngu þeirra á kaupum og sölu á hlutabréfum. Neituðu þau að láta gögnin af hendi og var farið í mál við þau vegna þessa. Héraðsdómur dæmdi fyrirtækjunum skylt að láta gögnin af hendi, en málinu var vísað til Hæstaréttar og er beðið niðurstöðu hans.

Almennt bötnuðu upplýsingaskil. Skil á launum og öðrum starfstengdum greiðslum jukust um 15 % frá því í fyrra og fleiri fjármálastofnanir létu embættinu í té upplýsingar til forskráningar á árinu, eða 24 nú á móti 6 árið áður.

Ríkisskattstjóri fer með upplýsingamiðlun í skattamálum á milli landa fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Upplýsingamiðlunin er byggð á Norðurlandasamningnum um aðstoð í skattamálum frá árinu 1989, á Evrópusamningi um gagnkvæma stjórnsýsluáðstoð í skattamálum frá 1996 og á tvísköttunarsamningum við einstök ríki. Upplýsingamiðlun þessi fer vaxandi ár frá ári.

Upplýsingaskiptin eru með þrennum hætti:

- Reglulega og án beiðni hverju sinni er skipst á upplýsingum við þau lönd sem tvísköttunarsamningar hafa verið gerðir við og varða einstaklinga og lög aðila sem bera takmarkaða skattskyldu í öðru aðildarríkinu en ótakmarkaða í hinu.

- Samkvæmt beiðni þar sem óskað er eftir að viðkomandi skattyfirvöldum verði veittar upplýsingar um tiltekinn aðila.
- Tilfallandi, þar sem löndin senda þær upplýsingar sín á milli sem talið er að geti skipt máli varðandi skattskil í því landi sem fær upplýsingarnar.

Endurskipulagning á öllu ferli við upplýsingaskipti embættisins hefur staðið yfir og stefnt er að því að senda upplýsingar til allra þeirra ríkja sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við. Tölvukerfi hafa verið aðlöguð, unnið að endurskoðun á skráningu útlendinga inn í landið og á handbók um upplýsingaskipti samkvæmt fyrirmynd frá OECD. Bókinni er ætlað að samræma úrræði milli skattumdæma og nýtist við upplýsingaskipti milli landa.

Á árinu 2005 var aflað upplýsinga frá lífeyrissjóðum um greidd iðgjöld árið 2004. Um tvenns konar eftirlit var að ræða. Annars vegar hefðbundið eftirlit með iðgjöldum vegna skylduáðildar allra á vinnumarkaði að lífeyrissjóði og hins vegar skatteftirlit vegna greiðslu í séreignarlífeyrissjóð. Lífeyrissjóðir sjá alfarið um innheimtu iðgjalda og fengu þeir því upplýsingar um þá sem ekki stóðu í skilum með lögbundin iðgjöld. Þegar um vanskil í séreignarsjóð var að ræða var viðkomandi einstaklingi hins vegar sent bréf þess efnis og ef viðhlítandi skýring fékkst ekki, var skattstjóra sent erindið til endurákvörðunar skatta.

Á árinu 2005 bárust ríkisskattstjóra fjöldi ábendinga varðandi undandrätt eða skattsvik, flestar varðandi móttöku barnabóta og vaxtabóta á grundvelli rangrar skráningar í þjóðskrá. Upplýsingum þessum var sem fyrr miðlað til viðkomandi skattstjóra til athugunar.

Samræmt skatteftirlit

Ríkisskattstjóri semur árlega sérstaka áætlun um eftirlitsaðgerðir embættisins og skattstjóra. Með eftirlitsáætlunum er lagður grunnur að samræmdri framkvæmd skatteftirlits á milli umdæma, umfang og áherslur í skatteftirliti ákveðnar og grundvöllur skapaður til markvissari skráningar á eftirlitsaðgerðum.

Eftirlitsáætlunum er jafnframt ætlað að skapa betri forsendur fyrir greiningu og úrvinnslu niðurstaðna úr eftirlitsaðgerðum og stuðla að umræðu og skoðana-skiptum um skatteftirlit og eftirlitsaðgerðir.

Á árinu 2005 var unnið að samningu eftirlitsáætlunar 2006 og kom hún út í árslok. Eftirlitsáætlun 2006 skiptist að stofni til í tvennt, þ.e. í samræmdan hluta og eig-

in hluta skattstjóra. Samræmdur hluti inniheldur eftirlitsaðgerðir sem framkvæmdar eru með sama hætti í öllum skattumdæmum landsins. Eigin hluti skattstjóra inniheldur eftirlitsaðgerðir sem skattstjórar ákveða og ná eingöngu til viðkomandi umdæmis eða eftirlitseiningar.

Í samræmdum hluta áætlunarinnar var lögð áhersla á skattskil lögaðila. Skoðuð verða valin atriði hjá aðilum í tilteknum atvinnugreinum auk þess sem athyglinni verði beint að áætluðum aðilum, leigutekjum, staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af arði, íbúðarhúsnæði í eigu lögaðila, lánum til tengdra aðila og tekjuskráningu.

Við val á aðilum til skoðunar í eftirliti er notast við ólíkar úrtaksaðferðir og áhættugreiningu. Áhættugreining felur í sér skoðun á fyrirliggjandi upplýsingum og mati á þeirri áhættu sem til staðar er hverju sinni. Reynt er að meta hversu líklegt er að aðilar skili röngum upplýsingum til skattyfirvalda, vegna mistaka eða beinna skattsvika.

Áfram var unnið að þróun aðferða við val á aðilum til skoðunar í eftirliti. Þá var komið á fót þverfaglegum starfshópi um regluprófun, en starfshópnum er ætlað að fara yfir og endurmeta þær reglur og regluflokka, sem notaðar eru í regluprófunarkerfinu, með það að markmiði að kerfið nýtist betur við val á aðilum til skoðunar og eftirlits.

Unnið var að því að koma á samræmdu kerfi til skráningar á eftirlitsárangri. Miðað var við að skráningin færi fram í miðlægu kerfi og nýttist skattstjórum og ríkisskattstjóra til frekari úrvinnslu. Á árinu 2005 var komið á fót starfshópi um samræmda og kerfisbundna skráningu eftirlitsmála og árangurs af skatteftirliti. Verkefni starfshópsins var að skilgreina hvað fælist í skatteftirliti og gera tillögur um hvað skrá skyldi með samræmdum hætti skráningin tæki til. Starfshópurinn lauk störfum um miðjan ágúst.

Sértækt skatteftirlit

Sem hluti af aukinni áherslu á skatteftirlit skv. árangursstjórnunarsamningi við fjármálaráðuneyti var stofnuð ný eftirlitsdeild við embætti ríkisskattstjóra á árinu 2005. Deildin hóf starfsemi um mitt ár og voru starfsmenn hennar fimm að tölu.

Markmið deildarinnar hefur frá upphafi verið að byggja upp sérhæfða þekkingu á öllum helstu sviðum skatteftirlitsmála, sinna sértækum eftirlitsverkefnum og þróa aðferðir við að uppgötva eða greina mál þar sem skattskilum er áfátt. Lögð er áhersla á að skilgreina úrtök úr gagnasöfnum sem til eru í skattkerfinu eða afla gagna frá gjaldendum og nota viðurkennd tölvukerfi til að sækja og vinna með þær upplýsingar. Meðal helstu verkefna má nefna skattskil stærri fyrirtækja, flókin skattskil lögaðila, skattskil sem tengjast erlendu eignarhaldi á íslenskum fyrirtækjum, skattskil sem ná til fleiri en eins skattumdæmis, svarta atvinnustarfsemi og önnur verkefni sem yfirstjórn embættisins hefur óskað eftir að verði skoðuð.

Þær tegundir verkefna sem voru fyrirferðarmestar á síðari árhelmingi 2005 tengdust staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, gjaldfærslu á viðskiptavild, erlendum starfsmannaleigum og starfsemi Íslendinga í gegnum aflandsfélög. Þá hefur deildin lagt áherslu á að greina og skrá eignarhald á íslenskum fyrirtækjum sem tengjast innbyrðis með það í huga að auðvelda yfirsýn og gera upplýsinga- og gagnaöflun fljótvirkari en ella.

Á árinu 2005 hóf deildin eftirlit í 78 málum og lauk tæplega 40 málum á árinu, ýmist með gjaldabreytingum, með því að gjaldandi fór að leiðbeinandi tilmælum ríkisskattstjóra, málum var vísað til frekari meðferðar hjá skattstjóra eða þeim lauk án athugasemda. Þá aðstoðuðu starfsmenn deildarinnar aðrar eftirlitseiningar við að upplýsa mál.



5. Hagkvæmni og öryggi í allri starfsemi

Eitt af höfuðmarkmiðum skattfirvalda er hagkvæmni í rekstri. Um leið er stefnt að því að ávallt sé farið með persónuupplýsingar í samræmi við reglur um persónuvernd og að meðferð, varsla og úrvinnsla upplýsinga sé áreiðanleg og traust.

Hagkvæmur rekstur og traust áætlanagerð

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á föst tök á stjórn fjármála. Á það jafnt við um áætlanagerð, bókhald og ýmsar aðgerðir til hagræðingar. Markvisst kostnaðar- og fjárhagseftirlit er viðhaft þannig að fjármagn er jafnan nýtt á sem hagkvæmasta hátt og verkefnum forgangsraðað í samræmi við það. Í lok hvers árs eru gerðar rekstraráætlanir vegna næsta árs. Undir rekstraráætlun hvers árs falla málaflokkar sem tilteknir starfsmenn eru ábyrgir fyrir, en þeir stærstu eru laun, hugbúnaðarmál, vélbúnaðarmál, húsnæðismál og prentun. Leitast hefur verið við að hafa verkferla skýra og verkefni vel skilgreind til þess að ná settu marki.

Hagkvæmur og öruggur rekstur tölvukerfa

Rafræn skil á upplýsingum og vinnsla þeirra er æ veigameiri þáttur í álagningu gjalda og því sífellt mikilvægara að tryggja hagkvæman og öruggan rekstur tölvukerfa.

Öryggi í rekstri. Tölvukerfi gegna lykilhlutverki í starfsemi skattkerfisins og liggur vinna því sem næst niðri ef þau eru óstarfhæf. Því er lögð mikil áhersla á að tryggja traustan og hnökralausan rekstur. Megin hluti upplýsingakerfa skattsins hefur um árabil verið í móðurtölvuumhverfi hjá Skýrr. Þangað tengdust allir starfsmenn skattkerfisins og höfðu á einum stað aðgang að þeim upplýsingakerfum sem í boði voru. Þetta fyrirkomulag var nokkuð takmarkandi og kostnaðarsamt í viðhaldi, auk þess vandamáls að binda hýsingu við einn aðila. Á undanförunum árum hafa öll ný kerfi verið smíðuð í svokölluðu dreifðu umhverfi og kostir nýjustu tækni og öflugri og hagkvæmari gagnaflutningar nýttir til framþróunar. Vonir standa til að hægt verði að hætta alveg að nýta móðurtölvuumhverfinu á næstu 5 árum. Helstu tilfærslur úr móðurtölvuumhverfi á árinu voru að nýtt launamiðakerfi var smíðað og skattbreytingar færðar að talsverðu leyti í dreift umhverfi.



Hagkvæmni og sveigjanleiki. Flutningur upplýsingakerfa úr móðurtölvuumhverfi í dreift umhverfi þjónar m.a. þeim tilgangi að auka sveigjanleika, fjölga valkostum og stuðla þar með að frekari hagkvæmni við þróun kerfa.

Stór þáttur í aukinni hagkvæmni í starfsemi skattkerfisins er rafræn móttaka og vinnsla framtala. Yfir 90% framtala einstaklinga og lögaðila var á síðasta ári skilað á rafrænu formi og hin eru skráð inn í sama form. Þetta gefur möguleika á nákvæmri vélrænni yfirferð framtala. Með aukinni og bættri gagnasöfnun og útsjónarsemi og natni við smíði reglna er nú svo komið að „mannshöndin snertir aldrei“ yfir 50% framtala einstaklinga og um 20% framtala lögaðila. Önnur framtöl eru skoðuð m.t.t. reglna sem þau féllu á og byggðar eru inn í kerfið samkvæmt ábendingum og leiðbeiningum frá reyndasta starfsfólki skattkerfisins.

Í ljósi þess hve vel hefur tekist til við vélræna yfirferð framtala með regluþrófun, er nú unnið að því að nýta sambærilegar aðferðir á fleiri sviðum. Á árinu var lagð-

ur grunnur að nýtingu regluprófana við yfirferð virðis- aukaskattsskýrslna og eins er reiknað með að nýta þessar aðferðir í náinni framtíð við val á vænlegum eftirlitsverkefnum.

Skilvirk og örugg miðlun, vinnsla og varsla upplýsinga

Öryggisstefna og öryggisáætlun. Í samræmi við það markmið að innleiða öryggisstefnu og gerð öryggis- áætlunar var í maí 2005 lögð fram frávikagreining á stöðu embættisins gagnvart öryggisstaðlinum BS7799, um stjórnkerfi upplýsingaöryggis. Ennfremur vann öryggisstjóri og starfshópur um öryggismál að öryggis- stefnu embættisins og verkefnum tengdum innleiðingu hennar, s.s. reglum um notkun internets, tölvupósts og annarra samskiptakerfa skattkerfisins. Einnig var áfram unnið að bættu öryggi á ýmsum sviðum hjá þjónustu- sviði sem fer með hug- og vélbúnaðarmál hjá embætt- inu.

Drög að öryggisstefnu embættisins liggja fyrir og framundan er að staðfesta þau og stofna svokallaðar frávikagreiningar.

Vélbúnaðarstefna og framkvæmd. Sett var það markmið að móta stefnu og skjalfesta verkferla sem fylgt er í vélbúnaðarmálum. Að þessu var unnið og verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum í stefnu og framkvæmd vélbúnaðarmála á árinu 2005:

Rekstur vélbúnaðardeildar nær til allrar grunnþjón-ustu, þ.e. reksturs á staðarnetum, reksturs alls mið- lægs tölvubúnaðar og tilheyrandi hugbúnaðar, not- endaðþjónustu, eftirlits, þar með talið eftirlits með gagnaflutningsleiðum, o.fl. Þar að auki rekstur og um- sjón ýmissa kerfa og Lotus Notes ásamt tilheyrandi kerfum. Vélar (þjónar af ýmsum tegundum og gerðum) sem veita starfsmönnum skattkerfisins ýmis konar þjónustu eru 20 talsins. Notendum hefur fjölgað um- talsvert á síðustu árum. Kerfum í rekstri hefur einnig fjölgað mikið, s.s. kerfum tengdum gagnagrunni og Innri vef, m.a. vegna tilfærslu fyrirtækjaskrár til RSK.

Meginmarkmið vélbúnaðarstefnu er að tryggja sem mest öryggi og hagkvæmni við rekstur vélbúnaðar og not- endahugbúnaðar í skattkerfinu og þjóna þeim þörfum sem kröfur og stefnumið almennt á hverjum tíma leiða til.

- Stefnt er að sem mestri sjálfvirkni við rekstur, við- hald og eftirlit með vélbúnaði, stýrikerfum og not- endahugbúnaði, m.a.:

- við reglubundið eftirlit með virkni vélbúnaðar og hugbúnaðar.
- við dreifingu á hugbúnaði og uppfærslur á honum.
- Stefnt er að því að uppitími staðarneta sé yfir 99% á dagtíma.
- Stefnt er að því að tryggja hámarksöryggi við með- höndlun gagna með reglubundinni afritatöku, að- gangsstýringum og skjölun.
- Stefnt er að því að framfylgja þeim reglum sem öryggisstefna embættisins kveður á um og hafa að leiðarljósi að allar öryggisráðstafanir séu í réttu hlut- falli við mikilvægi kerfa.
- Stefnt er að því að fylgjast vel með þróun tækni- lausna og nýta ávallt bestu mögulegu lausnir að teknu tilliti til kostnaðar og hagkvæmni. Einnig er reynt að koma þeim nýjungum sem nýtast í rekstri og/eða bæta öryggi ávallt sem fyrst í framkvæmd
- Stefnt er að því að viðhalda og bæta stöðugt þekk- ingu starfsmanna og hæfni til að sinna starfi sínu sem best.

Til að tryggja öryggi reksturs tölvukerfa en ekki sist öryggi gagna var ráðist í endurnýjun rafbakhjarls. Raf- bakhjarlinn sem keyptur var 1999 var orðinn of kraftlítill til að halda uppi þeim búnaði sem þarf til að sinna grunnþjónustu skattkerfisins í rafmagnsleysi.

Keypt var ný gagnagrunnsvél (Oracle-vél) með unix stýrikerfi og gagnagrunnurinn í leiðinni uppfærður. Til að tryggja afkastagetu grunnsins enn betur var í leið- inni fjárfest í afkastamiklum diskastæðum sem munu einnig nýtast í önnur verkefni. Þetta hafði í för með sér að uppfæra þurfti ýmsan búnað til að tryggja áfram- haldandi rekstur. Til að tryggja öryggi var vélin sem sér um afritatöku uppfærð, bæði stýrikerfið, afritunarhug- búnaðurinn og gagnagrunnurinn. Einnig var nýr ODBC driver settur upp á gagnagrunnsvélina og þurfti að að- laga tengd kerfi.

Netprentarar voru að hluta til endurnýjaðir, alls 9 tæki, og þremur einkaprenturum var bætt við. Alls var fjárfest í 8 ferðavélum sem eru að mestu notaðar vegna eftirlitsverkefna. Tveir nýir skannar bættust við á árinu enda hefur skönnun gagna aukist jafnt og þétt.

Málakerfi. Gert er ráð fyrir áframhaldandi notkun málakerfisins GoPro a.m.k. næstu 5 árin. Þróun Lotus Notes og GoPro hefur verið í takt við þróun annars hugbúnaðar á markaðinum. Rekstrarumhverfið er öruggt og niðritími lítill. Uppfært var reglulega í nýjustu útgáfu eftir því sem tók voru á.



Öll erindi, bréf og önnur samskipti vegna mála á að skrá þar. Þegar GoPro málakerfið var innleitt hjá öllum embættum innan skattkerfisins gefinn kostur á að móta eigið vinnulag við flokkun mála, útlit sjónarhorna og bréfa og bæta við reitum í skráningarform vegna mismunandi úttekta og talninga. Málakerfið var aðlagð að því vinnulagi sem fyrir var á hverjum stað. Af þessu hefur skapast óhagræði og kostir hópvinnumakerfis eru ekki að nýtast sem skyldi.

Stofnaður var vinnuhópur á árinu til að koma á samræmdri skráningu mála á skattstofunum. Hópurinn hefur ekki lokið störfum en hefur gert að tillögu sinni að sameiginlegt málakerfi verði tekið í notkun um áramót 2006/07. Notuð verður stöðluð útgáfa af GoPro, alla sérsmiði þarf að rökstyðja og samþykka af völdum aðilum. Sérsmiði verður innan þess ramma sem kerfið sjálft býður upp á. Skráning verður samræmd og eitt GoPro málakerfi verður notað fyrir allar skattstofur. Hvert embætti verður með forræði yfir eigin gögnum, m.t.t. aðgangs og tölfraðiúttekta.

GoPro málakerfið er notað til hliðar við önnur tölvakerfi skattsins en ekki sem aðalakerfi sem önnur kerfi tengjast. Því er stefnt að samhæfingu á vinnslu í kerfum RSK til að koma í veg fyrir tvískráningu, nýta bestu kosti hvers kerfis og koma í veg fyrir að gögn einangrist.

Gagnaflutningar og tengimál. Undanfarin tvö ár hefur embættið haft í notkun til prófunar og þróunar aðgangsstýringarnet (VPN) sem nýtist til fjartengingar við kerfi og gagnalindir embættisins. Á árinu fjölgaði notendum netsins upp í 21 og munaði mest um aðgang starfsmanna fjármálaráðuneytis að innri vef RSK en þeir voru alls 10.

Skilvirk og örugg miðlun upplýsinga til og frá samstarfsaðilum. Bein rafræn samskipti milli RSK og annarra stofnana og fyrirtækja með XML vefþjónustum eru nú að ryðja sér til rúms í gagnasamskiptum. Öryggi er eftir atvikum tryggt með notkun rafrænna skilríkja. Með þessum hætti er tryggt að upplýsingar séu ferskar og villum, tengdum umsýslu gagna, sé haldið í lágmarki. Samskipti við atvinnuframteljendur eru til dæmis með þessum hætti sem og samskipti við dreifingaradila fyrirtækjaskrár, svo tvö dæmi séu nefnd. Þessi aðferð gefur mikla möguleika við þróun og eflingu samvinnu og þjónustu. Á árinu var unnið að því að auka og efla þjónustusiður RSK í samvinnu við samstarfsstofnanir. Þar gegnir þessi tækni mjög mikilvægu

hlutverki og er auðkenning ríkisskattstjóra nýtt til þess að veita fólki aðgang að upplýsingum um sig og sín málefni hjá öðrum stofnunum. Fyrsta stofnunin til þessa samstarfs var Umferðarstofa, en nokkrar stofnanir fylgdu þar fast á eftir. Opnað var fyrir þessa þjónustu í ársbyrjun 2006.

Skilvirk og örugg meðhöndlun aðsendra erinda og upplýsinga. Áhersla hefur verið lögð á að öll skráning sé rétt og tímanleg. Öll erindi sem berast embættinu eru að öllu jöfnu komin til viðtakanda eigi síðar en degi eftir að þau berast. Þessu markmiði hefur verið náð með því að gæta þess að mannskapur til frumskráningar sé nægur og að nauðsynlegur búnaður sé til staðar til þess að tryggja hámarks afköst.

Á árinu 2005 voru stofnuð 8361 mál hjá embætti ríkisskattstjóra. Aðallega er um þrjá málaflokka að ræða; álagningamál og úrskurði, framsend erindi og álitserðir og umsagnir, en yfir 90% af öllum málum tilheyra þessum málaflokkum.

Mikilvægt er að flokkun upplýsinga endurspegli viðfangsefni embættisins og því var ákveðið að setja samræmdar reglur um skráningu og flokkun upplýsinga sem berast embættinu. Liður í því er að endurskoða málaflokka og málategundir.

Mikið hefur áunnist við frágang og þökkun eldri gagna og er stefnt að því að í upphafi ársins 2007 verði hægt að ganga frá vistun gagna/upplýsinga jafnóðum og notkun/umfjöllum þeirra er lokið og að unnt verði að finna allar upplýsingar í geymslu fljótt og örugglega.

Gagnagrunnar öflugir og aðgengilegir. Stefnt er að því að gera gagnagrunna aðgengilegri til upplýsingavinnslu, hvort sem hún fer fram miðlægt eða með opnari hætti. Í því skyni er unnið að nánari kortlagningu og kynningu, til þess að tryggja að gagnabankar, kerfi og þekking nýtist þeim sem á þurfa að halda.

Dreifingu pappírs hætt í áföngum. Hluti af þeirri stefnu embættisins að rafvæða samskipti við gjaldendur er að draga sem kostur er úr dreifingu pappírs bæði í þeim tilgangi að draga úr kostnaði og að auka öryggi í meðferð gagna. Á þessum vettvangi hefur sitt-hvað gerst.

- Rafræn skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu hafa aukist og útsendingum giróskýrslna hefur fækkað af þeim sökum. Dreigið var úr tíðni útsendinga á vsk.-

skýrslum. Sjá nánar í umfjöllun um rafræna stjórn-sýslu á bls. 18-19.

- Útsendingum á rekstrarframtölum hætt. Þessu marki var því sem næst náð á árinu, en framtöl voru nánast aðeins send óskattskyldum aðilum.
- Afbökkun pappírframtals og álagningarseðils. Á þessu ári var það skref stigið að snúa við sjálgildi afbökkunar í já (ég vil ekki pappírframtal) með þeim árangri að afbökkun fór úr 49% í 64% hjá þeim sem telja fram á vefnum. Afbökkun álagningarseðils jókst lítillega en sjálgildi þar var óbreytt.
- Lögð voru drög að breyttu fyrirkomulagi á dreifingu leiðbeininga. Gert var ráð fyrir að útbúa hefðbundnar leiðbeiningar áfram en að draga mjög úr dreifingu þeirra. Í staðinn var tekin ákvörðun um að dreifa einfaldari leiðbeiningum í hvert hús og gera hinar hefðbundnu aðgengilegri á vefnum og við framtalsgerð.

Endurskoðun verklags og réttarreglna

Endurskoðun verkferla. Árlega eru skriflegar verklagsreglur hvers verkefnaflokks yfirfarnar af viðkomandi verkefnisstjóra, forstöðumanni og deildarstjóra, með það fyrir augum að sníða af annmarka og auka skilvirkni.

Á haustmánuðum var unnið að breytingu verklags við eftirlit með áfengisframleiðslu er verið hefur með sama móti um áratugaskeið, en ríkisskattstjóri tók við þessu verkefni frá ÁTVR á árinu 1996. Voru lögð drög að því að hverfa í meginatriðum frá staðbundnu eftirliti með átöppun áfengis og gera bókhaldslegt eftirlit að meginstöð þessa verkefnis. Í þessu augnamiði voru endurskoðaðar „reglur varðandi áfengisframleiðslu“, dags. 28. maí 2003. Að fengnum umsögnum áfengisframleiðenda voru breyttar reglur gefnar út og tóku þær gildi 1. janúar 2006.

Mótun réttarreglna. Ríkisskattstjóri leitast við að hafa áhrif á mótun réttarreglna á sviði skattaréttar. Þannig vinnur ríkisskattstjóri að gerð lagafrumvarpa og reglugerða, eftir óskum fjármálaráðuneytisins, í samvinnu við ráðuneytið og önnur stjórnvöld. Tilnefnir hann fólk til þátttöku í nefndum og vinnuhópum á vegum ráðuneyta þegar þess er óskað.

Einnig veitir ríkisskattstjóri nefndum Alþingis skriflegar umsagnir um lagafrumvörp og önnur þingmál þegar eftir er leitað. Embættið kappkostar að vanda til slíkra umsagna.

Þá gerir ríkisskattstjóri árlega tillögur til fjármálaráðuneytis að reglum um almennt skattmat og reiknað endurgjald. Í tillögum settum fram á árinu 2005 vegna tekjuársins 2006 voru m.a. lagðar til verulegar breytingar á mati bifreiðahlunninda. Jafnframt setur embættið og birtir reglur á afmörkuðum sviðum, svo sem um gjaldstofn búnaðargjalds, mat á bústofni til tekna og eignar og um endurskoðun og lækun fyrirframgreiðslna opinberra gjalda.

Ennfremur gerir ríkisskattstjóri að eigin frumkvæði tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytingar á lögum og reglugerðum. Slíkar tillögur byggir hann m.a. á reynslu af skattfrákvæmd og þekkingu á skattarétti annarra ríkja. Í þessu augnamiði halda starfsmenn embættisins til haga hugmyndum, sem vakna hjá þeim í starfi eða aðrir færa fram við þá, um hvað mætti betur fara. Hugmyndunum koma þeir á framfæri við yfirmenn, sem leggja mat á þær og búa í búning rökstuddra tillagna þyki tilefni til. Tillögur ríkisskattstjóra til fjármálaráðuneytisins á árinu 2005 voru m.a.:

- Að í lög um tekjuskatt yrðu teknar svokallaðar CFC-reglur, þ.e. um samköttun eigenda og félaga í íslenskum umráðum á lágskattasvæðum.
- Að skýra heimilisfestureglu við ákvörðun á skattskyldustað lögaðila hér á landi.
- Að skattlagning manna miðaðist við lögheimili 31. desember í stað 1. desember.
- Að lögboðin skattskyldumörk virðisaukaskatts yrðu hækkuð og að í reglugerð yrði fullnýtt lagaheimild til hækunar veltumarks ársskila virðisaukaskatts.
- Að endurskoðuð yrðu refsíákvæði laga um olúgjald.

Mælingar nýttar til eftirfylgni og úrbóta

Samræmd skráning og árangursmælingar

Á árinu var ákveðið að leggja í viðamikla vinnu við að skilgreina og marka stefnu um hvernig best verði mætt sjónarmiðum og kröfum um samræmda flokkun og skráningu almennt, samræmda og kerfisbundna skráningu eftirlitsaðgerða, árangursmælingar, samanburði við önnur lönd o.fl.

Upplýsingar um aðgerðir og samskipti skattyfirvalda og skattaðila eru vistaðar í fleiri en einu kerfi og því er nauðsynlegt að kanna til hlítar möguleika á flæði upplýsinga á milli kerfa í stað þess að skrá þurfi sömu upplýsingarnar oftar en einu sinni með tilheyrandi tvíverknaði og villuhættu.



Stofnaðir voru tveir starfshópar, með þátttöku starfsmanna embættisins og skattstofanna, auk stýrihóps sem hefur umsjón með heildarverkefninu og sér um samhæfingu starfshópanna og mótar tillögur að framtíðarstefnu. Hlutverk annars starfshópsins var samræming á flokkun og skráningu almennra mála annarra en eftirlitsmála.

Hlutverk hins starfshópsins var að gera tillögur um samræmda og kerfisbundna skráningu eftirlitsmála og árangurs af skatteftirliti, en allt frá því að fyrst hófust samræmdar eftirlitsaðgerðir á landsvísu hefur verið gerð krafa um utanumhald eftirlitsaðgerða og árangurs af þeim. Hér eru um viðamikil verkefni að ræða en gert er ráð fyrir að skráning í hin nýju kerfi geti hafist árið 2007.

Norræn samanburðarverkefni. Embættið hefur verið þátttakandi í samstarfsverkefni á vegum ríkisskattstjóraembættis Norðurlandanna frá því það hófst í byrjun árs 2003, en verkefnið snýst um að bera saman kennitölur í starfsemi skattkerfa landanna. Þróað hefur verið sameiginlegt líkan svo að hægt sé að bera saman sambærilegar upplýsingar á sambærilegan hátt.

Megináhersla hefur verið lögð á hvernig vinnuumfang í skattkerfinu, kostnaður við rekstur skattkerfanna og skatttekjurnar skiptast niður á verkþætti annars vegar og skatttegundir hins vegar. Verkþættirnir eru álagning, skatteftirlit, innheimta, stoðverkefni og upplýsingatækni. Skatttegundum er skipt upp eftir; tekju-skatti, eignarskatti, tryggingagjaldi, erfðafjárskatti, virðisaukaskatti, vörugjöldum o.fl. Einnig er áhersla lögð á samanburð á skatttekjum sem aflað er í skattkerfinu og af hvaða skatttegundum þær eru myndaðar. Þá eru

teknar saman ýmsar aðrar samanburðarupplýsingar, s.s. um fjölda innsendra skattframtala og virðisauka-skattsskýrslna og skilamáta þeirra, fjölda skattskyldra aðila, aldursskiptingu starfsmanna og margt fleira.

Á árinu 2004 vann hver þjóð á grundvelli líkansins að upplýsingaöflun og vinnslu varðandi árið 2003 og voru niðurstöður birtar á skattstjórafundi á Ísafirði á árinu 2005. Margt athyglisvert kemur í ljós við þann samanburð. Heildarvinnutímafjöldi á fjölda rekstrar-aðila og fjölda fyrirtækja er að jafnaði mun lægri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum, en heildarvinnutímafjöldi á hvern einstakling er í meðallagi. Á móti kemur að vinnutímafjöldi á hvern vsk-skyldan aðila er langhæstur hér á landi.

Við samanburð á verkferlum kemur í ljós að hér á landi fer mun meiri tími í álagningu en á hinum Norðurlöndunum, en minni tíma er varið í eftirlit. Það ber þó að slá þann varnagla að kerfið hér á landi er nokkuð frábrugðið þeim kerfum sem eru í hinum löndunum og verkefni sem talin eru álagningaverkefni hér eru talin eftirlitsverkefni í hinum löndunum. Séu álagning og eftirlit tekin saman er hlutfallið í nokkru samræmi við það sem gerist í hinum löndunum. Þegar skoðaður er kostnaður á ársverk kemur í ljós að launakostnaður hér er lítill í samanburði við hin löndin, en annar kostnaður meiri. Heildarkostnaður er mestur í Danmörku.

Ofangreindur samanburður dregur það fram sem vel er gert og það sem betur má gera í samanburði við önnur lönd og er mikilvægt að fá slíkan samanburð. Ákveðið hefur verið að gera skýrslu á tveggja ára fresti. Næsta skýrsla verður gerð árið 2007 vegna ársins 2006.

6. Hæft starfsfólk með staðgóða þekkingu

Lykilatriði við að ná þeim markmiðum sem embættið hefur sett sér, er að hafa á að skipa hæfu starfsfólki með staðgóða þekkingu. Til þess þarf að framfylgja öflugri starfsmanna- og fræðslustefnu.



Starfsmannastefna

Stefnt er að því að laða að og halda hæfu starfsfólki með því að bjóða góð starfskjör, viðeigandi verkefni, starfsþróun, aðlaðandi starfsumhverfi, sveigjanleika og skýrar samskiptareglur þar sem jafnréttis er gætt í hvívetna.

Samkeppnishæf laun. Unnið er að því hjá embættinu að boðið sé upp á laun og starfskjör sem séu samkeppnishæf við það sem almennt er boðið hjá ríkinu og á almennum vinnumarkaði fyrir sambærileg störf. Þessi vinna er liður í því að fá hæft fólk til starfa.

Starfsþróun, framgangur og fjölbreytt verkefni. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að þróast í starfi, hvort sem er innan deildar eða með flutningi á milli starfa hjá embættinu. Á árinu fluttust nokkrir starfsmenn til í starfi. Auk þessa er starfsmönnum gefinn kostur á að afla sér starfsreynslu utan embættisins ef unnt er. Til þess hefur verið nýtt tilrauna-

fyrirkomulag um tímabundin vistaskipti ríkisstarfsmanna og voru tveir slíkir samningar gerðir á árinu.

Sveigjanlegur vinnutími og góð vinnuaðstaða. Embætti ríkisskattstjóra vill vera fjölskylduvænn og eftirsóknarverður vinnustaður. Í því augnamiði er starfsmönnum boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma að því marki sem hægt er þannig að þjónusta skerðist ekki. Einnig hafa verið gerðir samningar við hluta starfsmanna um skil á hluta vinnuframlags utan fasts vinnustaðar og komið hefur verið til móts við fjölskylduaðstaður einstakra starfsmanna með tímabundinni lækun starfshlutfalls.

Skýrar samskiptareglur. Farin er í gang vinna í starfshópum og hjá starfsmannahaldi við gerð reglna er varða hin ýmsu svið samskipta og umgengni. Má þar nefna vinnu starfshóps við gerð reglna um notkun tölvupósts, internets, skipulagningu ráðningarferlis og starfsmannasamtala.

Á vormánuðum fóru fram formleg starfsmannaviðtöl í öllum deildum embættisins. Frammistöðumat var einnig gert í lok sex mánaða reynslutíma allra nýrra starfsmanna sem hófu störf hjá embættinu. Komið hefur verið á reglulegum upplýsingamiðlunarfundum innan deilda embættisins.

Skipurit embættisins hefur verið birt í ársskýrslum þess. Skriflegar starfslýsingar eru til fyrir stóran hluta starfa innan embættisins. Unnið er að því að hafa skriflegar starfslýsingar fyrir öll störf og eru þær sem til eru einnig uppfærðar eftir þörfum.

Öflugt félagslíf. Embættið styrkir félagslíf starfsmanna. Á árinu var samstarfi embættisins og starfsmannafélagsins FRÍSK breytt á þann hátt að starfsmannafélagið tók að sér viðtækari umsjón en áður með félagsstarfi starfsmanna. Meðal þess sem FRÍSK stóð fyrir má nefna að haldið var þorablót í febrúar, staðið fyrir menningarferð á Þjóðminjasafnið í mars og keppt í keilu við starfsmenn Skattstjórans í Reykjavík. Í



maí var farið í vorferð, haldin grillveisla í júní, árshátíð í nóvember og haldið jólaglöggi í desember.

Jafnréttisáætlun. Innan embættisins eru lögð drög að jafnréttisáætlun til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna í samræmi við ákvæði laga og aðal-kjarasamninga. Jafnréttisáætlunin hefur enn ekki verið birt formlega.

Starfsmannahandbók. Stefnt er að því að taka saman handbók fyrir starfsmenn er hafi að geyma helstu upplýsingar, um ofangreint sem og aðrar hagnýtar upplýsingar. Í nóvember var gengið frá áætlun um gerð hennar og gert var ráð fyrir að meginvinnan færi fram á árinu 2006.

Fræðslustefna

Stefnt er að því að auðvelda starfsmönnum þekkingaröflun og stuðla þannig að því að hæfni og kunnátta starfsmanna sé í samræmi við verkefni þeirra.

Viðeigandi menntun og góð starfsfræðsla. Við nýráðningar hefur verið lögð áhersla á viðeigandi menntun sem fyrr. Verkefnin kalla á æ meiri sérhæfingu og þjálfun starfsmanna og hefur þróunin verið sú að á undanförunum árum hefur hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna hækkað.

Stefnt er að því að auðvelda starfsmönnum símenntun og stuðla þannig að því að hæfni og kunnátta starfsmanna sé á hverjum tíma í samræmi við verkefni þeirra. Jafnframt er stefnt að því að setja ákveðin viðmið vegna almennrar fræðslu og starfsþjálfunar. Nú liggja fyrir vinnureglur um einstaka þætti.

Áformað er að gera ofangreindum atriðum skil í starfsmannahandbókinni sem unnið er að.

Virk þekkingarstjórnun. Stefnt er að því að koma upp vísi að nýju öflugum safni um skattamál og önnur fagsvið

embættisins, bæði í formi bóka og rafrænna gagnabrunna. Þannig var handbókarkerfið Skruddan m.a. innleitt til að auðvelda aðgengi að og uppflettingu í leiðbeiningum, réttarheimildum o.fl. Einnig er aðgangur að gagnabrunnum OECD og hvar.is á innri vef skattkerfisins. Þrátt fyrir vaxandi aðgang að rafrænum upplýsingum, þá eru að jafnaði keypt ýmis fræðirit en skortur á húsrými fyrir hefðbundið bókasafn hefur m.a. staðið í vegi þess að markverðir áfangar hafi náðst til að uppfylla markmiðið um öflugt bókasafn.

Áformað er að nýta innri vefinn í auknum mæli til upplýsingamiðlunar til starfsmanna skattkerfisins og til að auðvelda samskipti þeirra í millum á ólíkum sviðum starfseminnar. Jafnt og þétt er unnið að þessu og á síðasta ári var aðgengi að tölvukerfi fyrirtækjaskrár (Félag) auðveldað í gegnum innri vefinn og gerð breyting á spjallborði hans til að auðvelda og auka notkun þess.

Stefnt er að því að gera þekkingarskýrslu fyrir embættið með hjálp fjárhags- og mannauðskerfis þar sem fram komi hvaða menntun og þekking er þegar til staðar eða æskilegt er talið að finna megi í hópi starfsmanna. Ekki náðist að huga að þessu á árinu enda var þessi hluti fjárhags- og mannauðskerfisins ekki tilbúinn.

Öflugt fræðslustarf. Í stefnumótunavinnu sem fram fór á árinu 2004 var mikil áhersla lögð á að halda uppi sem fyrr öflugum fræðslustarfi. Árið 2005 voru haldin 16 starfsfræðslunámskeið hjá ríkisskattstjóra fyrir starfsfólk skattyrivalda sem eru nokkru fleiri námskeið en á árinu 2004. Námskeiðin voru að vanda mjög vel sótt og voru þátttakendur 350 þetta árið en þátttakendur á námskeiðum árið 2004 voru 200. Námskeiðin voru kynnt á innri vef ríkisskattstjóra auk þess sem send var út námsskrá og námsvísir. Námskeiðin voru með hefðbundnu sniði og efnisvalið fjölbreytt og náði til flestra þátta skattaframkvæmdar og má í þessu sambandi nefna námskeið um tölvukerfi RSK, þjónustu, skatt-efartilrit, virðisaukaskatt, skattlagningu einstaklinga og rekstraraðila og alþjóðlega skattlagningu.

Rekstur og starfsmannamál

Fjármál og rekstur

Heildarútgjöld á árinu til rekstrar embættisins og sameiginlegra útgjalda skattkerfisins, þ.m.t. til rekstrar tölvukerfa, voru 971,0 m.kr. en 867,0 m.kr. að teknu tilliti til tekna. Árið á undan voru heildarútgjöld 927,7 m.kr., en 853,1 m.kr. ef tekjur eru dregnar frá. Framlag ríkisins var 873,4 m.kr. samanborið við 858,0 m.kr. árið áður. Tekjuafgangur ársins er því 6,3 m.kr. en var 4,9 m.kr. árið 2004.

Sé litið til einstakra liða rekstrarreikningsins kemur í ljós að tekjur embættisins hækka töluvert á milli ára. Megin ástæðan er aukning ríkistekna, úr 68,6 m.kr. í 91,7 m.kr., sem skýrist af aukinni eftirspurn eftir upplýsingum úr hlutafélagaskrá og fyrirtækjaskrá. Það er eitt fyrirtæki sem annast nær alla sölu á upplýsingum úr hlutafélagaskrá og fær ríkisskattstjóri ákveðið gjald fyrir hverja uppflettingu úr skránni. Engar hækkanir voru á gjaldskrá embættisins á árinu. Sértekjur jukust einnig milli ára, eða úr 6,1 m.kr. í 12,3 m.kr.

Sé litið til kostnaðarliða þá hækkaði launakostnaður úr 440,9 m.kr. á árinu 2004 í 475,6 m.kr. sem er um 7,9% hækkun. Launavísitalan hækkaði á árinu um 7,2% og því nemur raunhækkun launakostnaðar um 0,7%.

Aðrir kostnaðarliðir hækka minna.

Höfuðstóll embættisins, sem sýnir uppsafnaðan tekjuafgang þess gagnvart fjárlögum og fjárheimildum, nam í árslok 63,4 m.kr.

Mannauður

Í ársbyrjun 2005 störfuðu 97 starfsmenn hjá embættinu en í árslok voru þeir 101. Heildarfjöldi ársverka í dagvinnu að meðtöldu afleysinga- og tímavinnufólki var 96,6 á árinu sem er fækkun um tæpt eitt ársverk frá árinu 2004. Starfsmannavelta ársins var 19,6% en hafði verið 14% árið áður. Að teknu tilliti til þeirra sem hættu störfum vegna aldurs eða veikinda var starfsmannaveltan 14,4% og er talsvert hærrí en árið á undan þegar hún var 7%.

Gengið var frá aðalkjarasamningum á vegum hins opinbera með gildistöku 1. febrúar 2005. Þeir voru kynntir ríkisstofnunum í byrjun mars og fræðslufundir haldnir á vegum stéttarfélaganna ríkisstarfsmanna og fjármálaráðuneytis um haustið og fram yfir áramót. Þetta kallaði á undirbúning fyrir gerð stofnanasamninga við viðkomandi stéttarfélög innan embættisins. Ekki var klárað að ganga frá stofnanasamningum á árinu en þeim skal vera lokið fyrir 1. maí 2006 þegar ný launatafla tekur gildi.

Önnur stór verkefni starfsmannahalds á árinu 2005 voru innsetning launavinnslu í Oracle launakerfi f.o.m. 1. maí 2005. Áður hafði öll launaskráning verið flutt í nýtt mannauðskerfi Oracle en sjálf launavinnslan farið fram í eldra launakerfi ríkisins. Þessi breyting kallaði á umtalsverðan undirbúning og námskeið þeirra er að komu.

Innsetning nýs tímaskráningarkerfis, Vinnustundar, hófst í byrjun nóvember með nauðsynlegum námskeiðum þeirra er að kerfinu komu fyrir hönd starfsmannahalds. Innsetningin kallaði á mikinn undirbúning hjá starfsmannahaldi og vélbúnaðarsviði í framhaldi af því, s.s. kerfisstillingar, skráningar upplýsinga, kynningu og margt fleira. Vinnustund tók formlega við af eldra tímaskráningarkerfi þann 16. des 2005.



Fimm ára yfirlit á verðlagi hvers árs (í þúsundum króna)

Rekstur	2005	2004	2003	2002	2001
Rekstrartekjur	104.001	74.738	38.255	3.956	6.964
Rekstrargjöld	915.158	862.545	795.085	737.721	468.629
Stofnkostnaður	55.857	65.321	54.758	65.556	8.491
Halli fyrir ríkisframlag	(867.014)	(853.128)	(815.588)	(799.321)	(470.156)
Ríkisframlag	873.400	858.000	856.635	789.370	482.840
Tekjuafgangur ársins	6.386	4.872	41.047	(9.951)	12.684

Efnahagur

Veltufjármunir	139.187	93.752	67.895	49.963	27.852
Eignir alls	139.187	93.752	67.895	49.963	27.852
Höfuðstóll	63.447	57.062	52.189	11.142	14.956
Skammtímaskuldir	75.739	36.690	15.706	38.821	12.896
Eigið fé og skuldir alls	139.186	93.752	67.895	49.963	27.852

Rekstur RSK

Embætti ríkisskattstjóra á árinu 2005 gegndi Indriði H. Þorláksson. Ákvarðanir um framkvæmd þeirra verkefna sem RSK eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum eru teknar af ríkisskattstjóra og yfirstjórn embættisins. Í henni eiga sæti, auk ríkisskattstjóra, vararíkisskattstjóri og forstöðumenn eftirlitssviðs, réttarsviðs, þjónustusviðs, fyrirtækjaskrár og rekstrarskrifstofu.

Ríkisskattstjóri er ábyrgur gagnvart fjármálaráðherra fyrir rekstri embættisins.

Ársreikningur RSK 2005

Rekstrarreikningur árið 2005

Tekjur:	2005	2004
Ríkistekjur	91.723.966	68.625.858
Sértekjur	12.276.624	6.112.305
Tekjur samtals	104.000.590	74.738.163
Gjöld:		
Laun og launatengd gjöld	475.603.419	440.939.287
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	100.239.417	93.964.309
Funda- og ferðakostnaður	12.077.397	11.287.029
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	4.320.211	2.494.140
Rekstur tækja og áhalda	32.592.729	37.516.765
Annar rekstrarkostnaður	9.425.699	7.524.691
Húsnæðiskostnaður	32.868.505	31.718.621
Bifreiðarekstur	750.261	1.039.779
Rekstur skattvinnslukerfa	247.280.054	236.060.066
	915.157.692	862.544.687
Stofnkostnaður skattvinnslukerfa	49.072.869	54.947.332
Annar stofnkostnaður og eignakaup	6.784.247	10.373.929
Gjöld samtals	971.014.808	927.865.948
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag:	(867.014.218)	(853.127.785)
Ríkisframlag	873.400.000	858.000.000
Tekjuafgangur (halli) ársins	6.385.782	4.872.215



Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir:	2005	2004
Veltufjármunir:		
Ríkissjóður	70.093.852	82.173.549
Viðskiptakröfur	29.447.939	2.930.792
Handbært fé	39.644.967	8.647.449
Eignir samtals	<u>139.186.758</u>	<u>93.751.790</u>
Eigið fé og skuldir:		
EIGIÐ FÉ		
Höfuðstóll		
Höfuðstóll í ársbyrjun	57.061.543	52.189.328
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	6.385.782	4.872.215
Eigið fé samtals	<u>63.447.325</u>	<u>57.061.543</u>
SKULDIR		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	75.739.433	36.690.247
Skuldir samtals	<u>75.739.433</u>	<u>36.690.247</u>
Eigið fé og skuldir	<u>139.186.758</u>	<u>93.751.790</u>

Sjóðstreymi árið 2005

	2005	2004
Veltufé frá rekstri:		
Tekjuafgangur (halli)	6.385.782	4.872.215
Veltufé frá rekstri	<u>6.385.782</u>	<u>4.872.215</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)	(26.517.147)	15.652.003
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun	39.049.186	20.984.127
Eigið fé samtals	<u>12.532.039</u>	<u>36.636.130</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>18.917.821</u>	<u>41.508.345</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR		
Breyting á stöðu við ríkissjóð:		
Framlag ríkissjóðs	(873.400.000)	(858.000.000)
Greitt úr ríkissjóði	885.479.697	793.172.796
Fjármögnunarahreyfingar	<u>12.079.697</u>	<u>(64.827.204)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	30.997.518	(23.318.859)
Handbært fé í ársbyrjun	8.647.449	31.966.308
Handbært fé í lok ársins	<u>39.644.967</u>	<u>8.647.449</u>

Við höfum endurskoðað ársreikning Ríkisskattstjóra fyrir árið 2005.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisskattstjóra á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun í júní 2006

Sigurður Þórðarson (*sign*)
ríkisendurskoðandi

Sigurjón I. Haraldsson (*sign*)

Forskráning og framtöl einstaklinga 2004 og 2005

(í milljónum króna)	2004			2005		
	For-skráning	Framtöl	Hlutfall forskráningar, %	For-skráning	Framtöl	Hlutfall forskráningar, %
Tekjur	446.482	560.863	80	482.397	630.321	77
Laun, starfst. gr. o.fl.	368.673	398.167	93	398.516	427.293	93
Bifreiðahlunnindi
Önnur hlunnindi
Ökutækjastyrkur	5.410	5.819	93	5.525	5.908	94
Dagpeningar	4.357	5.505	79	4.347	6.102	71
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	28.497	28.530	100	31.058	31.122	100
Atvinnuleysisbætur ¹	3.542	3.388	100	3.768	3.534	100
Greiðslur frá Tryggingastofnun ¹	28.626	28.389	100	31.647	31.043	100
Félagsleg aðstoð, bætur og styrkir ¹	1.372	1.061	100	1.333	1.048	100
Skattfrjálsar tekjur frá Tryggingastofnun ¹	6.004	5.854	100	6.204	5.937	100
Arður af hlutabréfum	...	11.621	14.723	...
Vextir af bankainnstæðum ²	...	7.694	9.006	...
Vextir af verðbréfum ²	...	6.702	10.800	...
Sala hlutabréfa ²	...	58.134	83.805	...
Eignir	1.206.938	1.539.162	78	1.422.869	1.762.009	81
Fasteignir	1.144.764	1.171.984	98	1.355.807	1.364.343	99
Eignarskattsfrjáls verðbréf ²	...	52.375	61.666	...
Bifreiðir, fjöldi	(166.500)	(176.000)
Bifreiðir, verð ³	59.661	107.243	56	63.861	116.527	55
Önnur ökutæki ⁴	2.512	7.111	35	3.201	8.828	36
Hlutabréf, nafnverð	...	47.106	43.385	...
Innlendar innstæður o.fl. ²	...	153.344	167.260	...
Skuldir	443.091	647.924	68	453.113	748.440	61
Skuldir vegna íbúðarkaupa ²	382.705	451.475	85	382.744	508.187	75
Íbúðalánasjóður	382.705	382.705	100	362.978	362.978	100
Lífeyrslán	19.766	19.766	100
Aðrar skuldir ²	60.386	196.449	31	70.369	240.253	29
LÍN	54.032	54.032	100	58.616	58.616	100
Bílalán ⁵	6.353	11.753

Skýringar:

Miðað er við tölur úr forskráningu og við álagningu (5. júlí 2004), nema vegna sölu hlutabréfa. Þá er miðað við tölur í lok febrúar 2005 og 14. des. 2005.

- 1 Þegar einstaklingar skila ekki inn framtali og tekjur eru áætlaðar á þá getur forskráning verið hærri en framtal.
- 2 Upplýsingar vantar frá bönkum og fjármálastofnunum
- 3 Þegar bifreið kostar minna en 1.000 kr., fjöldi eigenda er fleiri en 1 eða hún var keypt á framtalsári er verð hennar ekki forskráð á framtal.
- 4 Eingöngu önnur ökutæki eru forskráð á framtal, s.s. hjólhýsi en ekki t.d. hestar eða aðrar eignir.
- 5 Árið 2005 var byrjað að forskrá almenn bílalán, en árið 2004 voru eingöngu upplýsingar um kaupleigu forskráðar á framtal.

Skipurit ríkisskattstjóra

JÚNÍ 2006

